

## Fylgiskjal

Samantekt um stöðu aðgerða stefnu í almannavarna- og öryggismálum ríkisins 2015–2017, staða 30. september 2016.

Almannavarna- og öryggismálaráð

Þessi samantekt um stöðu aðgerða stefnu almannavarna- og öryggismálaráðs var unnin af fulltrúum innanríkisráðuneytis, forsætisráðuneytis, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, umhverfis- og auðlindaráðuneytis, utanríkisráðuneytis, velferðaráðuneytis og undirstofnunum þessara ráðuneyta.

### EFNISYFIRLIT

<b>Inngangur</b> .....	<b>3</b>
Staða aðgerða stefnu almannavarna- og öryggismálaráðs .....	3
<b>ALMANNAVARNIR – SKIPULAG OG MEGINVERKEFNI</b> .....	<b>5</b>
Aðgerð 1. Samhæfingarstarf almannavarnadeildar ríkislögreglustjórans	
Fyrir hamfarir .....	6
Aðgerð 2. Hættumat og áhættugreining .....	6
Viðbúnaður – Samstarf og samhæfing .....	6
Aðgerð 3. Þjálfun og fræðsla.....	6
Aðgerð 4. Gerð viðbragðsáætlana .....	7
Aðgerð 5. Endurskoðun álagsforsenda á mannvirki .....	8
Aðgerð 6. Vernd mikilvægra menningarverðmæta .....	8
Viðbragð.....	9
Aðgerð 7. Uppbygging samhæfingarstöðvar.....	9
Aðgerð 8. Uppbygging aðgerðastjórnstöðva.....	10
Aðgerð 9. Yfirlýsingar um almannavarnaástand .....	10
Aðgerð 10. Velferð fólks á hættutímum.....	11
Aðgerð 11. Alþjóðleg aðstoð vegna neyðaraðgerða hérlendis .....	12
Aðgerð 12. Aðstoð við Íslendinga erlendis á hættusvæðum.....	12
Eftir hamfarir.....	13
Aðgerð 13. Endurreisn .....	13
Aðgerð 14. Endurmat eftir aðgerðir.....	13
<b>VERND MIKILVÆGRA INNVIÐA SAMFÉLAGSINS</b> .....	<b>15</b>
Aðgerð 15. Fjarskipti, net- og upplýsingaöryggi .....	15
Aðgerð 16. Innviðir mælikerfa til eftirlits og rannsókna .....	16
Aðgerð 17. Raforkukerfi .....	17

Aðgerð 18. Hitaveitur .....	18
Aðgerð 19. Jarðefnaeldsneyti .....	19
Aðgerð 20. Heilbrigðisþjónusta .....	20
Aðgerð 21. Fæðuöryggi .....	21
Aðgerð 22. Matvælaöryggi .....	22
Aðgerð 23. Neysluvatnsöryggi .....	23
Aðgerð 24. Viðbúnaðar- og neyðarþjónusta .....	23
Aðgerð 25. Samgöngukerfi á sjó .....	25
Aðgerð 26. Samgöngukerfi á landi .....	26
Aðgerð 27. Samgöngukerfi í lofti .....	27
Aðgerð 28. Öryggi æðstu stjórnar ríkisins .....	28
Aðgerð 29. Fjármálakerfi .....	29
<b>LÖGGÆSLA OG ÖRYGGISMÁL .....</b>	<b>31</b>
Aðgerð 30. Efling löggæslu .....	31
Aðgerð 31. Aðgerðir gegn skipulagðri glæpastarfsemi .....	31
Aðgerð 32. Viðbrögð vegna stórfelldra ofbeldisglæpa og skemmdarverka .....	32
Aðgerð 33. Peningaþvætti .....	32
Aðgerð 34. Aðgerðir gegn mansali .....	33
Aðgerð 35. Landhelgisgæsla .....	33
Aðgerð 36. Öryggi í fangelsum .....	34
Aðgerð 37. Landamæravarsla .....	35
Aðgerð 38. Vöktun, viðbragð, leit og björgun .....	35
Aðgerð 39. Geislavöktun og skimun .....	36
Aðgerð 40. Aðgerðir vegna sýkla-, eiturefna- og geislavár .....	36
<b>EFTIRFYLGNI OG ENDURMAT .....</b>	<b>38</b>
Aðgerð 41. Eftirfylgni og endurmat .....	38
Aðgerð 42. Endurskoðun laga um almannavarnir .....	38

## Inngangur

Stefna í almannavarna- og öryggismálum ríkisins 2015-2017 var samþykkt á fundi almannavarna- og öryggismálaráðs þann 24. júní 2015. Stefnunni fylgja 42 aðgerðir til sama tíma og voru þær einnig samþykktar. Í ávarpi forsætisráðherra kom þá fram að útbúin yrði stöðuskýrsla að ári liðnu um hvernig tekist hefur til við innleiðingu stefnunnar. Myndaður var tenglahópur fulltrúa þeirra ráðuneyta sem koma að framkvæmd stefnunnar til að fylgja þessum 42 aðgerðum eftir og ráðuneytin höfðu þannig samstarf um að leita upplýsinga um stöðu aðgerða og setja þær fram sem samræmdum hætti í þessari skýrslu. Margir komu því að þessu verki, bæði við að veita upplýsingar og við að taka þær saman og eru þeim færðar þakkir fyrir sitt verk.

Upphaflega stóð til að miða stöðu verkefna við 31. maí á þessu ári. Þótt það gengi vel að afla upplýsinga um stöðu flestra aðgerða, þá reyndist það tafsamara fyrir aðrar, m.a. í þeim tilvikum þar sem umsjón hafði fæst á milli stofnana, jafnvel ráðuneyta. Stöðulýsing hér er því miðuð við 30. september í ár.

Meginmarkmið stefnu í almannavarna- og öryggismálum eru:

Að tryggja öryggi almennings, umhverfi og eignir og samhæfa varnir og viðbrögð við hamförum, hvers eðlis sem þær eru.

Með hliðsjón af framangreindum meginmarkmiðum voru áherslur árána 2015-2017 skilgreindar eftirfarandi í stefnunni:

- **Almannavarnir.** Viðbrögð stjórnvalda, stofnana og samtaka á hættustundu verði skilvirk og samhæfð.
- **Mikilvægir samfélagsinnviðir.** Stuðlað verði að samfelldri virkni mikilvægra samfélagsinnviða.
- **Löggæsla og öryggismál.** Samfélagslegur stöðugleiki og öryggi einstaklinga og þjóðfélagshópa verði tryggt eins og kostur er gagnvart ógnum af mannavöldum, vegna náttúru-hamfara eða hnattrænna áhættuþátta, s.s. stórfelldra ofbeldisverka, skipulagðrar glæpastarfsemi, farsóttá eða mengunar.

Þessar áherslur eru útfærðar í 42 aðgerðum og er þeim lýst hér að aftan. Aftast í þessari skýrslu er fundargerð fundar almannavarna- og öryggismálaráðs þann 24. júní 2015 og skrá yfir þátttakendur í fundinum.

### Staða aðgerða stefnu almannavarna- og öryggismálaráðs

Á þessu rúma ári sem liðið er frá samþykkt stefnunnar og aðgerða, þá hefur þeim almennt miðað vel innan þriggja ára tímaramma stefnunnar og að rúmlega helmingi sé náð, sé litið til lokinna verkþátta og árangurs innan þeirra sem enn eru í vinnslu.

Aðgerðum er skipt í þrjá meginflokka sem endurspeglar megináherslur stefnunnar:

- Almannavarnir – Skipulag og meginverkefni
- Vernd mikilvægra innviða samfélagsins
- Löggæsla og öryggismál

Að auki eru tvær aðgerðir í flokkinum:

- Eftirfylgni og endurmat

Meðal mikilvægra áfanga sem náð hefur verið í þessum flokkum má nefna:

## **Almannavarnir – Skipulag og meginverkefni**

- Efling samhæfingarstarfs almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra er langt komin.
- Enduruppbygging samhæfingarmiðstöðvar er að mestu lokið, en miðstöðin gegnir lykilhlutverki í samhæfingu vegna neyðaraðgerða. Ennfremur er uppbyggingu aðgerðastjórnstöðva lokið.

## **Vernd mikilvægra innviða samfélagsins.**

- Stefna stjórnvalda um net- og upplýsingaöryggi 2015-2026 var kynnt í ríkisstjórn 28. apríl 2015 og Netöryggisráð hóf störf í nóvember sama ár. Tekin hefur verið saman skýrsla um aðgerðir netöryggisstefnu og hvernig staða þeirra var 31. maí 2016. Jafnframt er unnið að eflingu netöryggissveitar Póst- og fjarskiptastofnunar (CERT-IS)
- Geta heilbrigðiskerfisins til að bregðast við almannavarnaástandi hefur verið bætt. Uppfærslu á viðbragðsáætlun gegn heimsfaraldri inflúensu er lokið og gerð viðbragðsáætlunar viðfá í flugvélum og í Leifstöð er lokið. Jafnframt eru vábirgðir lyfja, innrennslisvökva, hlífðarbúnaðar og bóluefna skilgreindar og til staðar.

## **Löggæsla og öryggismál**

- Gerð hefur verið áætlun um að efla viðbúnaðargetu lögreglu til að bregðast við hryðjuverkum og öðrum sambærilegum atburðum. Jafnframt hefur verið gerð viðbragðsáætlun vegna hryðjuverka, skemmdarverka og stórfelldra ofbeldisglæpa sem taka bæði til lögregluaðgerða og almannavarnaviðbragða.
- Aðgerðir gegn peningapvætti hafa verið efldar verulega. Eftirfylgni þriðju alþjóðlegrar úttektar er lokið eftir 10 ára ferli og innlent samstarf á þessu sviði hefur verið aukið verulega.

## **Eftirfylgni og endurmat**

- Gert hefur verið mat á stöðu aðgerða og þessi skýrsla tekin saman eins og kveðið er á um.

Ofangreind atriði eru einungis dæmi um árangur sem náðst hefur, unnt er sjá nákvæmari lýsingar hvorrar aðgerðar hér að aftan.

Lýsing aðgerða, þar á meðal lýsing á ábyrgð og lykilaðilum, byggir á þeirri lýsingu sem kynnt var í stefnuskjalinu sem almannavarna- og öryggismálaráð samþykkti þann 24. júní 2015. Lýsingin var uppfærð í þeim tilvikum þar sem breytingar hafa orðið, t.d. vegna flutnings verkefna á milli ráðuneyta.

## ALMANNAVARNIR – SKIPULAG OG MEGINVERKEFNI

### Aðgerð 1. Samhæfingarstarf almannavarnadeildar ríkislögreglustjórans

<b>Markmið:</b>	Að efla leiðandi hlutverk almannavarnadeildar svo viðbragðskerfið geti tekist á við ógnir og framkvæmd almannavarna- og öryggismálastefnu stjórnvalda.
<b>Ábyrgð:</b>	Innanríkisráðuneytið
<b>Verkefnastjórn</b>	Ríkislögreglustjórnin
<b>Lykilaðilar:</b>	Innanríkisráðuneytið, forsætisráðuneytið, fjármála- og efnahagsráðuneyti, Ríkislögreglustjórnin
<b>Kostnaður:</b>	Greina þarf kostnað á grundvelli heildstæðrar áætlunar með hliðsjón af aðgerðaáætlun.
<b>Verkefni næstu þriggja ára (2015-2017):</b>	<ol style="list-style-type: none"><li>1. Gerð verði greining á mannaflapörf almannavarnardeildar.</li><li>2. Auka streymi upplýsinga til almennings með sérstökum upplýsingavef.</li><li>3. Að efla samstarf almannavarnadeildar við vísindamenn á sviði náttúru- og félagsvísinda.</li><li>4. Að SÁBF-kerfið (Stjórnun, áætlun, bjargir og framkvæmd) verði endurskoðað í samstarfi allra viðbragðsaðila.</li><li>5. Að gera samræmt hugtakasafn vegna samningu viðbragðsáætlana.</li><li>6. Að skilgreina þarfir og kröfur til landupplýsinga og kortagerðar sem nota þarf vegna almannavarna.</li><li>7. Að auka þátttöku almannavarnadeildar í norrænu samstarfi um almannaöryggi á grundvelli HAGA II - yfirlýsingarinnar frá 2013 (HAGA-yfirlýsingin; viljayfirlýsing norrænna ráðherra almannavarna um aukið samstarf Norðurlandanna á sviði almannavarna).</li></ol>
<b>Staða aðgerðar 30. sept. 2016</b>	<ol style="list-style-type: none"><li>1. Ekki hefur verið gerð greining á mannaflapörf almannavarnardeildar frá því að stefnan var samþykkt en fyrri greiningar á mannaflapörf almannavarnadeildar sýna að til að sinna lögbundnu starfi og fylgja eftir stefnu stjórnvalda í almanna- og öryggismálum þarf 12 manns að lágmarki.</li><li>2. Ný vefsíða almannavarnadeildar var tilbúin sumarið 2016 en auk þess eru notaðir samfélagsmiðlar til þess að miðla upplýsingum til almennings.</li><li>3. Almennavarnadeild tekur þátt í innlendum og alþjóðlegum rannsóknarverkefnum á sviði náttúru og félagsvísinda. Auk þess eru haldnir reglulegir samráðsfundir í vísindaráði almannavarna.</li><li>4. SÁBF kerfið hefur ekki verið endurskoðað. Stefnt er á að halda vinnustofu með viðbragðsaðilum 2017.</li><li>5. Samræmt hugtakasafn vegna samningu viðbragðsáætlana liggur ekki fyrir. Það verður unnið 2017.</li><li>6. Almennavarnadeild tekur þátt í samstarfi um landupplýsingakerfi þar sem stöðug þróun á sér stað hvað varðar gæði og magn gagna.</li><li>7. Almennavarnadeild tekur virkan þátt í norrænu samstarfi um almannavarnir. Reglulega eru haldnir fundir með systurstofnunum auk þess sem þátttaka í norrænum rannsóknarverkefnum er virk.</li></ol>

## Fyrir hamfarir

### Aðgerð 2. Hættumat og áhættugreining

<b>Markmið:</b>	Að ljúka gerð áætlunar og hættumats á þeim þáttum sem eru í forgangi skv. Áhættuskoðun ríkislögreglustjóra frá 2011.
<b>Ábyrgð:</b>	Ríkislögreglustjórinn, Veðurstofa, sóttvarnalæknir.
<b>Verkefnastjórn:</b>	Ríkislögreglustjórinn
<b>Lykilaðilar:</b>	Ríkislögreglustjórinn, lögreglustjórar, almannavarnanefndir, ráðuneyti, sóttvarnaráð, stofnanir ríkisins, sveitarfélög og stofnanir þeirra.
<b>Kostnaður:</b>	Miðað er við að kostnaður rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma.
<b>Verkefni næstu þriggja ára (2015-2017):</b>	<ol style="list-style-type: none"><li>1. Forgangsröðun við gerð frekara áhættumats í kjölfar áhættuskoðunar ríkislögreglustjóra frá 2011.</li><li>2. Sveitarfélög geri áhættumat og áhættuskoðun á þriggja ára fresti í samvinnu við ríkislögreglustjóra, sbr. 10. gr. almannavarnalaga</li></ol>
<b>Staða aðgerðar 30. sept. 2016</b>	<ol style="list-style-type: none"><li>1. Endurskoðun á fyrirbyggjandi vám og viðbragðsáætlanir sem endurspeglar viðbrögð við þeim var unnið á árunum 2015 - 2016. Stefnt er að kynningu fyrir almannavarnanefndir haustið 2017.</li><li>2. Sú greining sem nefnd er í lið 1 verður notuð að leiðarljósi vegna frekari uppfærslu áhættuskoðunar hjá almannavarnanefndum.</li></ol> <p>Samningur er til umsagnar sem gerður verður við Samband íslenskra sveitarfélaga um gerð áætlana. Forgangsröðun ekki lokið. Raunhæft að klára fyrir árslok 2017.</p> <p>Sóttvarnalæknir hefur forgangsráðað áætlunum sem undir hann heyra: Endurskoðun áætlunar um heimsfaraldur influensu lokið, viðbragðsáætlun um Flugvélar og Keflavíkurflugvöll lokið. Hafin er viðbragðsáætlun í höfnum og skipum.</p> <p>Nýtt verkefni er hafð: Sóttvarnir á landamærum</p>

## Viðbúnaður – Samstarf og samhæfing

### Aðgerð 3. Þjálfun og fræðsla

<b>Markmið:</b>	Að skipulag almannavarna sé vel þekkt hjá viðbragðsaðilum og innan stjórnsýslunnar. Að viðbrögð aðila séu skilvirk og samhæfð.
<b>Ábyrgð:</b>	Ríkislögreglustjórinn.
<b>Verkefnastjórn:</b>	Ríkislögreglustjórinn.

<b>Lykilaðilar:</b>	Ríkislögreglustjórinn, lögreglustjórar, Landhelgisgæsla Íslands, Slysavarnafélagið Landsbjörg, slökkvilið sveitarfélaga, Rauði krossinn, almannavarnanefndir, stjórn samhæfingar- og stjórnstöðvar, hlutaðeigandi stofnanir og aðrir viðbragðsaðilar.
<b>Verkefni næstu þriggja ára (2015-2017):</b>	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Að auka og samhæfa þjálfun og fræðslu viðbragðsaðila.</li> <li>2. Að efla samstarf um menntun og þjálfun björgunarmanna við þá skóla sem sinna þeim verkefnum.</li> <li>3. Að halda námskeið og fræðslufundi meðal viðbragðsaðila um vinnubrögð, ábyrgðarsvið, verkferla, þ.m.t. SÁBF verkþáttakerfið, og fjarskiptanotkun.</li> <li>4. Að æfa viðbrögð samkvæmt viðbragðsáætlunum.<sup>1</sup></li> <li>5. Að þjálfva stjórnendur almannavarnaaðgerða.</li> <li>6. Að gerð verði íslensk hugtakaskrá sem byggir á hugtakaskrá Sameinuðu þjóðanna.</li> </ol>
<b>Kostnaður:</b>	Miðað er við að kostnaður rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma.
<b>Staða aðgerðar 30. sept. 2016</b>	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Almennavarnardeildin heldur námskeið fyrir aðgerðarstjórnendur í Samhæfingarstöðinni þar sem unnið er eftir SÁBF kerfinu. Nú hafa um 130 manns setið námskeið. Reglulega eru haldin námskeið og fyrirlestara í samvinnu við Björgunarskólann, ISAVÍA, slökkviliðin og lögregluskólann.</li> <li>2. Haldin voru námskeið í vettvangsstjórnun og aðgerðarstjórnun í nokkrum umdæmum.</li> <li>3. Árin 2015 og 2016 voru haldnar 12 æfingar.</li> <li>4. 130 manns voru þjálfaðir í Samhæfingarstöðinni auk aðgerðarstjórnenda og vettvangsstjórnenda í umdæmum.</li> <li>5. Hugtakaskráin hefur ekki verið gerð.</li> </ol> <p>Auk þess tekur almannavarnadeild þátt í þjálfunardagskrá almannavarna Evrópu. Þar eru sérfræðingar sendir á námskeið auk þess sem sérfræðingaskipti eiga sér stað á milli landa.</p> <p>Regluleg fræðsla í formi námskeiða er meðal viðbragðsaðila sem unnin er af starfsmönnum almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra (AVD).</p> <p>Stefnt að því að taka upp rafræna kennslu að hluta og auka þannig við framboð og sveigjanleika í fræðslu sem hentar viðbragðailum í vaktavinnu betur. Eins er verið að þróa stigskiptingu námsins miðað við stjórnkerfi (SST, AST, VST, verkþáttastjórar) þannig að það sé sérstaklega sniðið að hverjum markhóp fyrir sig</p>

#### Aðgerð 4. Gerð viðbragðsáætlana

<b>Markmið:</b>	<p>Að gera almennar og sértækar viðbragðsáætlanir sem eru á forgangslista í kjölfar áhættuskoðunar frá 2011.</p> <p>Að gera viðbragðsáætlanir fyrir Stjórnarráðið, ráðuneyti og stofnanir.</p>
<b>Ábyrgð:</b>	Ríkislögreglustjórinn.
<b>Verkefnastjórn:</b>	Ríkislögreglustjórinn.

<sup>1</sup> Fjarskiptaáætlun 2011-2014. Sjá verkefni 3.i. Skilgreindar og framkvæmdar verði reglubundnar æfingar á viðbrögðum við stóráföllum. <http://www.althingi.is/altext/141/s/0592.html>.

<b>Lykilaðilar:</b>	Ríkislögreglustjórinn, almannavarnanefndir, viðbragðsaðilar almannavarna, stofnanir ríkis og sveitarfélaga og einkaaðilar sem hafa hlutverki að gegna í skipulagi almannavarna samkvæmt samningi.
<b>Kostnaður:</b>	Miðað er við að kostnaður rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma.
<b>Verkefni næstu þriggja ára (2015-2017):</b>	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Birta lista yfir allar viðbragðsáætlanir sem eru í gildi á hverjum tíma.</li> <li>2. Gera áætlun um gerð viðbragðsáætlana til þriggja ára þar sem þeim er forgangsraðað með tilliti til áhættuskoðunar almannavarna og hættumats-skýrslna.</li> <li>3. Viðbragðsáætlanir fyrir ógnir sem skilgreindar eru í fyrsta forgangi verði lokið fyrir árslok 2015.</li> <li>4. Viðbragðsáætlunum í öðrum forgangi verði lokið fyrir árslok 2016.</li> </ol>
<b>Staða aðgerðar 30. sept. 2016</b>	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Í vinnslu: Ný heimasíða fyrir AVD er tilbúin þar sem finna má allar útgefnar viðbragðsáætlanir og þær sem eru í drögum.</li> <li>2. Áhættuskoðun 2011 verður notuð til að forgangsraða gerð viðbragðsáætlan í hverju umdæmi. Unnið að áætlun til 2020.</li> <li>3. Ekki er búið að ljúka gerð viðbragðsáætlana í fyrsta forgangi.</li> <li>4. Unnið var í séráætlunum vegna eldgosa á árunum 2015-2016.</li> </ol>

#### **Aðgerð 5. Endurskoðun álagsforsenda á mannvirki**

<b>Markmið:</b>	Að reglugerðir og lög um mannvirki séu í samræmi við álag vegna náttúruvá.
<b>Ábyrgð:</b>	Umhverfis- og auðlindaráðuneytið.
<b>Verkefnastjórn:</b>	Mannvirkjastofnun.
<b>Lykilaðilar:</b>	Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, Veðurstofa Íslands, Mannvirkjastofnun og aðrar rannsóknarstofnanir, s.s. Rannsóknarmiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði .
<b>Kostnaður:</b>	Miðað er við að kostnaður rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma.
<b>Verkefni næstu þriggja ára (2015-2017):</b>	Yfirfara álagsforsendur á mannvirki.
<b>Staða aðgerðar 30. sept. 2016</b>	Íslenskir þjóðarviðaukar við evrópska þolhönnunarstaðla voru gefnir út árið 2010, að undangenginni mikilli vinnu ýmissa sérfræðinga varðandi álagsforsendur. Á undanförunum 6 árum hafa ekki neinir þeir atburðir orðið hvað náttúruvá varðar sem augljóslega kalla á endurskoðun álagsforsendna. Mikilvægt er þó að fylgjast vel með þróun ýmissa þátta svo sem veðurfars, vindálags og jarðskjálfta og tíðni óvenjulegra álagsforsendna, sem gætu kallað á breytingar í framtíðinni.

#### **Aðgerð 6. Vernd mikilvægra menningarverðmæta**

<b>Markmið:</b>	Að draga úr líkum á eyðileggingu menningarverðmæta
<b>Ábyrgð:</b>	Forsætisráðuneytið og mennta- og menningarmálaráðuneytið.



<b>Verkefnastjórn:</b>	Forsætisráðuneytið.
<b>Lykilaðilar:</b>	Forsætisráðuneytið, mennta- og menningarmálaráðuneytið, Þjóðminjasafn Íslands, Landsbókasafn - Háskólabókasafn, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Þjóðskjalasafn Íslands, Listasafn Íslands, Náttúruminjasafn Íslands, Kvikmyndasafn Íslands, Safnaráð, héraðsskjalasöfn og önnur viðurkennd söfn sem starfa í samræmi við safnalög. Ríkislögreglustjóri, lögregluumdæmi og aðrir viðbragðsaðilar.
<b>Kostnaður</b>	Kostnaður felst einkum í hættumati menningarverðmæta og viðbragðs-áætlanagerð. Miðað er við að hann rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma.
<b>Verkefni næstu þriggja ára (2015-2017):</b>	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Gerð verði öryggisstefna fyrir íslenskar menningarstofnanir og söfn.</li> <li>2. Áfallapól íslenskra safna verði kannað.</li> <li>3. Skilgreint verði við hvaða öryggisstaðla söfn skuli miða vegna vörslu menningarverðmæta.</li> <li>4. Menningarverðmæti og staðsetning þeirra verði skráð.</li> <li>5. Gerð verði viðbragðsáætlun um björgun menningarverðmæta.</li> </ol>
<b>Staða aðgerðar 30. sept. 2016</b>	Verkefni er í vinnslu.

## Viðbragð

### Aðgerð 7. Uppbygging samhæfingarstöðvar

<b>Markmið:</b>	Að samhæfingar- og stjórnstöð á landsvísu sé starfhæf á hættustundu.
<b>Ábyrgð:</b>	Ríkislögreglustjórinn.
<b>Verkefnastjórn:</b>	Ríkislögreglustjórinn.
<b>Lykilaðilar:</b>	Ríkislögreglustjórinn, stjórn samhæfingar- og stjórnstöðvar almannavarna, Landhelgisgæsla Íslands, Neyðarlínan ohf., Slysavarnafélagið Landsbjörg.
<b>Kostnaður:</b>	Miðað er við að kostnaður 2015 rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma og áætlun frekari uppbyggingar 2016 og 2017 verði kostnaðargreind.
<b>Verkefni næstu þriggja ára (2015-2017):</b>	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Að yfirfara og endurnýja aðstöðu samhæfingarstöðvarinnar svo betur sé hægt að nýta hana vegna samhæfingar allra neyðaraðgerða.</li> <li>2. Að gerð sé þarfagreining á öruggum tækjakosti samhæfingar- og stjórnstöðvar almannavarna árið 2015.</li> <li>3. Að gerð sé á árinu 2015 áætlun á grundvelli þarfagreiningar um uppbyggingu tækjakosts samhæfingar- og stjórnstöðvar, sem kæmi til framkvæmda 2016-2017.</li> <li>4. Að gerð sé áætlun árið 2015 um úrbætur í samskiptum fjarskiptakerfa.</li> <li>5. Að tilbúin sé áætlun árið 2016 um flutning samhæfingar- og stjórnstöðvar á landsvísu á öruggan stað, ef þörf krefur, t.d. í varðskipið Þór.</li> <li>6. Að gera tillögu að reglugerð um öryggiskröfur neyðarfjarskiptakerfis samhæfingar- og stjórnstöðvarinnar sem tryggi aðgang að öruggu fjarskiptakerfi, sem er óháð og aðskilið frá almennum fjarskiptakerfum, vegna samskipta við viðbragðsaðila almannavarna.</li> </ol>

<b>Staða aðgerðar</b> <b>30. sept. 2016</b>	<p>Sumt enn í vinnslu – annað flokkast sem sífelluverkefni.</p> <p>Staða einstakra verkefna (sbr. lista að ofan):</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Yfirferð og endurnýjun aðstöðu samhæfingarstöðvarinnar er framkvæmd reglulega. Á árinu 2016 var hluti af tölvubúnaði stöðvarinnar endurnýjaður og verður þeirri endurnýjun fram haldið á árinu 2017.</li> <li>2. Þarfagreining var ekki unnin á árinu 2015. Tækjabúnaður samhæfingarstöðvarinnar hefur þróast í takti við breytingar sem orðið hafa á kefum viðbragðsaðila.</li> <li>3. 2016 gerð áætlun fyrir árin 2017 – 2018</li> <li>4. Búið er að endurskoða talhópaskipulag TETRA fjarskiptakerfisins og endurskipuleggja verklag við uppfærslu talstöðva. Þá er búið að skrá allar talstöðvar viðbragðsaðila.</li> <li>5. Áætlun frestast um ár, til ásloka 2017</li> <li>6. Í vinnslu, verkefni sem unnið er samkvæmt samkomulagi ríkislögreglustjóra og framkvæmdastjóra Neyðarlínunnar frá 27. mars 2014 (Samningur um öryggismál í TETRA kerfi lögreglunnar). Öryggisfjarskiptaráð TETRA sinnir vinnunni, ríkislögreglustjóri skipar formann án tilnefningar.</li> </ol>
--	---

### **Aðgerð 8. Uppbygging aðgerðastjórnstöðva**

<b>Markmið:</b>	Að aðgerðastjórn í hverju lögregluumdæmi sé starfhæf á hættustundu.
<b>Ábyrgð:</b>	Ríkislögreglustjórinn, lögreglustjórar.
<b>Verkefnastjórn:</b>	Ríkislögreglustjórinn.
<b>Lykilaðilar:</b>	Almannavarnanefndir, Slysavarnafélagið Landsbjörg, Rauði krossinn, hlutað-eigandi viðbragðsaðilar skv. viðbragðsáætlun.
<b>Kostnaður:</b>	Miðað er við að kostnaður rúmist innan fyrirliggjandi fjárhagsramma.
<b>Verkefni næstu þriggja ára (2015-2017):</b>	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Að gerð sé þarfagreining árið 2015 á öruggum og nauðsynlegum tækjakosti stjórnstöðva og settar reglur þar um.</li> <li>2. Að tryggja nauðsynlegan búnað sem þarf að vera í aðgerðastjórnstöðvum og vettvangsstjórnun í þéttbýli.</li> </ol>
<b>Staða aðgerðar</b> <b>30. sept. 2016</b>	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Þarfagreining hefur ekki verið gerð.</li> <li>2. Ekki verður hægt að tryggja nauðsynlegan búnað fyrr en þarfagreining hefur farið fram.</li> </ol>

### **Aðgerð 9. Yfirlýsingar um almannavarnaástand**

<b>Markmið:</b>	Að ákvörðun ríkislögreglustjórans um almannavarnastig sé skýr og byggð á traustum forsendum og birt með ótvíræðum hætti..
<b>Ábyrgð:</b>	Innanríkisráðuneytið.
<b>Verkefnastjórn:</b>	Ríkislögreglustjórinn.
<b>Lykilaðilar:</b>	Innanríkisráðuneytið, Ríkislögreglustjórinn, lögreglustjórar og sóttvarnalæknir.

<b>Kostnaður:</b>	Miðað er við að kostnaður rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma.
<b>Verkefni næstu þriggja ára (2015-2017):</b>	Að setja reglur um form og efni ákvörðunar ríkislögreglustjóra um almannavarnastig og tilkynningu hans þar að lútandi til ráðherra.
<b>Staða aðgerðar 30. sept. 2016</b>	Reglugerð um flokkun almannavarnastiga fjallar um ákvörðun á almannavarnastigi.

## Aðgerð 10. Velferð fólks á hættutímum

<b>Markmið:</b>	Að tryggja velferð fólks á hættu- og neyðartímum.
<b>Ábyrgð:</b>	Velferðarráðuneytið, embætti landlæknis vegna áfallahjálpar. Ríkislögreglustjórinn vegna þjónustumiðstöðva.
<b>Verkefnastjórn:</b>	Ríkislögreglustjórinn.
<b>Lykilaðilar:</b>	Ríkislögreglustjórinn, Slysavarnafélagið Landsbjörg, Rauði krossinn, almannavarnanefndir, þjóðkirkjan, Embætti landlæknis, Landspítali – háskólasjúkrahús (LSH), hlutaðeigandi viðbragðsaðilar skv. viðbragðsáætlun.
<b>Kostnaður:</b>	Miðað er við að kostnaður rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma.
<b>Verkefni næstu þriggja ára (2015-2017):</b>	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Að efla samstarf innan samráðshóps um sálrænan stuðning sem skipaður er fulltrúum frá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, Rauða krossinum, þjóðkirkjunni og Landspítalanum.</li> <li>2. Að gera áætlanir um uppsetningu og starfrækslu þjónustumiðstöðva í umdæmum fyrir fólk sem þarf að yfirgefa heimili sín.</li> <li>3. Að settir séu skýrir verkferlar um móttöku og skráningu þeirra sem þurfa að yfirgefa heimili sín, sem og skráningu á dvalarstað fólks með það að markmiði að sameina fjölskyldur.</li> <li>4. Að efla upplýsingamiðlun á viðeigandi tungumálum til þolenda, aðstandenda og fjölmiðla um afdrif þolenda og annað tengt fjöldahjálparstarfi.</li> <li>5. Að gera áætlun um nauðsynlegan búnað í þjónustumiðstöðvum.</li> <li>6. Að skilgreindar verði lágmarkskröfur um þjónustu við þolendur og aðstandendur.</li> <li>7. Að skilgreind verði viðmið fyrir starfsemi þjónustumiðstöðva.</li> </ol>
<b>Staða aðgerðar 30. sept. 2016</b>	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Samráðshópur um sálrænan stuðning í Samhæfingarstöðinni. Fulltrúar ríkislögreglustjóra, Landlæknisembættisins, Rauða krossins, Landspítala háskólasjúkrahúss og biskupsembættis (samráðshópur í SST) funda mánaðarlega með það markmið að finna leiðir til að efla sálrænan stuðning á landsvísu í almannavarnaástandi. Í umdæmum landsins starfa samráðshópar og samráðshópur í Samhæfingarstöðinni (SST) er þeim til stuðnings, þannig að þegar alvarlegir atburðir eða almannavarnaástand ríkir þá er hópurinn í SST bakland hópanna og veitir þeim ráð og bjargir. Annað hvert ár er samráðshópum á landinu boðið upp á fræðsludag sem haldnir hafa verið á höfuðborgarsvæðinu þar sem farið er yfir nýjustu rannsóknir, stefnur og strauma í málefnum um sálrænan stuðning og hafa þessir fundir verið vel sóttir. Þá hafa fulltrúar samráðshópsins í SST heimsótt samráðshópana annað hvert ár, farið yfir skipulagið og verið ráðgefandi um málefni er varða velferð íbúa bæði fyrir hópana og yfirvöld.</li> <li>2. Áætlanir um þjónustumiðstöðvar. Eftir jarðskjálftana 2008 og eldgosin í Eyjafjallajökli 2010 og Grímsvötnum 2011 voru settar á lagginnar</li> </ol>

	<p>þjónustumiðstöðvar en markmiðið var að þjónusta íbúa á skaðasvæðum þannig að á einum stað væri hægt að nálgast alla þá þjónustu sem þessir aðilar. Ekki hafa verið gerðar sérstakar áætlanir um uppsetningu og starfrækslu þjónustumiðstöðva, en Rauði krossinn hefur gert áætlanir um fjöldahjálparstöðvar og starfrækslu þeirra fyrir fólk sem þarf að yfirgefa heimili sín</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>Rauði krossinn hefur unnið verkferla fyrir fjöldahjálparstöðvar</li> <li>Rauði krossinn hefur gefið út upplýsingar á fjölda tungumála um neyðarvarnir</li> <li>Sérstakar áætlanir um nauðsynlegan búnað í þjónustumiðstöðvum hafa ekki verið gerðar en miðað er við tækjabúnað sem hafa verið í fyrri þjónustumiðstöðvum</li> <li>Þjónusta við þolendur og aðstandendur er skilgreind í samkomulagi um áfallahjálp í skipulagi almannavarna á Íslandi. Auk þess hefur Rauði krossinn umsjón með fjöldahjálp í skipulagi almannavarna</li> <li>Skilgreind viðmið liggja ekki fyrir. Taka þarf tillit til skaða í umdæmi og almannavarnastig. Við uppsetningu þjónustumiðstöðva þarf að skilgreina hverjum miðstöðin á að þjóna, með tilliti til íbúasamsetningu, s.s. bændur, þéttbýli eða ferðamenn.</li> </ol>
--	---

### Aðgerð 11. Alþjóðleg aðstoð vegna neyðaraðgerða hérlendis

<b>Markmið:</b>	Að fyrir liggja fullnægjandi lagaheimildir og viðbragðsáætlanir vegna móttöku erlends hjálparliðs vegna hættuástands hér á landi..
<b>Ábyrgð:</b>	Innanríkisráðuneytið og utanríkisráðuneytið
<b>Verkefnastjórn:</b>	Ríkislögreglustjórnin.
<b>Lykilaðilar:</b>	Innanríkisráðuneytið, utanríkisráðuneytið, Ríkislögreglustjórnin og Rauði krossinn.
<b>Kostnaður:</b>	Miðað er við að kostnaður rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma.
<b>Verkefni næstu þriggja ára (2015-2017):</b>	<ol style="list-style-type: none"> <li>Greining á þáttum sem hindra að alþjóðleg aðstoð geti borist og á grundvelli slíkrar greiningar verði áhættuminnkandi aðgerðir ákveðnar. Meðal þess sem þarf að athuga í tengslum við utanaðkomandi aðstoð eru undanþágur fyrir björgunarhunda, bráðabirgðastarfsleyfi fyrir lækna, innflutning á fjarskiptabúnaði og úthlutun tíðna.</li> <li>Að undirbúnar verði tillögur að lagaákvæðum er veiti fullnægjandi heimild til móttöku á erlendu hjálparliði vegna almannavarnaástands.</li> <li>Að undirbúnar verði viðbragðsáætlun í tengslum við móttöku erlends hjálparliðs.</li> <li>Að fyrir liggja verklagsreglur um beiðni um aðstoð.</li> </ol>
<b>Staða aðgerðar 30. sept. 2016</b>	Verkþættir í vinnslu, stefnt að lokum í áslök 2017

### Aðgerð 12. Aðstoð við Íslendinga erlendis á hættusvæðum

<b>Markmið:</b>	Að því að tryggja velferð Íslendinga og brottflutning þeirra af svæðum erlendis þar sem hamfarir hafa orðið eða stórslys.
<b>Ábyrgð:</b>	Utanríkisráðuneytið

<b>Verkefnastjórn:</b>	Utanríkisráðuneytið, Ríkislögreglustjórnin
<b>Lykilaðilar:</b>	Utanríkisráðuneytið, innanríkisráðuneytið, Ríkislögreglustjórnin, Landhelgisgæsla Íslands, Rauði krossinn, Slysavarnafélagið Landsbjörg.
<b>Kostnaður:</b>	Miðað er við að kostnaður rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma.
<b>Verkefni næstu þriggja ára (2015-2017):</b>	Gerð viðbragðsáætlunar þar sem skilgreint er hlutverk og samhæfing viðbúnaðar ráðuneyta og stofnana um aðstoð og/eða brottflutning.
<b>Staða aðgerðar 30. sept. 2016</b>	Verkefni er í vinnslu.

## Eftir hamfarir

### Aðgerð 13. Endurreisn

<b>Markmið:</b>	Að vinna stefnu og verklag um endurreisn byggðarlaga eftir hamfarir
<b>Ábyrgð:</b>	Forsætisráðuneytið
<b>Verkefnastjórn:</b>	Forsætisráðuneytið
<b>Lykilaðilar:</b>	Forsætisráðuneytið, innanríkisráðuneytið, Ríkislögreglustjórnin, fjármála- og efnahagsráðuneyti, Viðlagatrygging Íslands, Ofanflóðasjóður, Bjargráðasjóður, sveitarfélög og viðbragðsaðilar.
<b>Kostnaður:</b>	Miðað er við að kostnaður rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma.
<b>Verkefni næstu þriggja ára (2015-2017):</b>	1. Að móta stefnu eða verkferla um meðferð fjármuna í neyðaraðgerðum og endurreisnarstarfi.
<b>Staða aðgerðar 30. sept. 2016</b>	Verkefni er í vinnslu.

### Aðgerð 14. Endurmat eftir aðgerðir

<b>Markmið:</b>	Að fram fari kerfisbundið endurmat á almannavarnaviðbrögðum eftir lok almannavarnaástands.
<b>Ábyrgð:</b>	Innanríkisráðuneytið
<b>Verkefnastjórn:</b>	Rannsóknarnefnd almannavarna.
<b>Lykilaðilar:</b>	Innanríkisráðuneytið, rannsóknarnefnd almannavarna, ríkislögreglustjórnin, viðbragðsaðilar.

<b>Kostnaður:</b>	Miðað er við að kostnaður rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma.
<b>Verkefni næstu þriggja ára (2015-2017):</b>	<ol style="list-style-type: none"><li>1. Setja í reglugerð ákvæði um starfsemi rannsóknarnefndar um almannavarnir.</li><li>2. Tryggja að lærdómur áfalla verði rýndur og nýttur til að styrkja viðbragðskerfið.</li></ol>
<b>Staða aðgerðar 30. sept. 2016</b>	Unnið er að því að finna viðeigandi laga- og starfsumhverfi fyrir rannsóknarnefnd almannavarna, niðurstaða getur kallað á lagabreytingu. Ljóst verði haustið 2016 hvaða úrfærsla verði valin.

## VERND MIKILVÆGRA INNVIÐA SAMFÉLAGSINS

### Aðgerð 15. Fjarskipti, net- og upplýsingaöryggi

<b>Markmið:</b>	Að ná ásættanlegum áreiðanleika og öryggi fjarskipta og netnotkunar.
<b>Ábyrgðaraðili:</b>	Innanríkisráðuneytið.
<b>Verkefnastjórn:</b>	Innanríkisráðuneytið.
<b>Lykilaðilar:</b>	Innanríkisráðuneytið, utanríkisráðuneytið, Ríkislögreglustjórinn, Póst- og fjarskiptastofnun, Persónuvernd, Neyðarlínan, fjarskiptafyrirtæki, Landhelgisgæsla Íslands, orkufyrirtæki, lögreglustjórar, Mannvirkjastofnun, Vaktstöð siglinga og fleiri.
<b>Kostnaður</b>	Gera þarf úttektir og skrifa skýrslur. Aðkeypt sérfræðivinna gæti kostað 3-4 milljónir. Miðað er við að kostnaður vegna annarra þátta rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma.
<b>Ógnir:</b>	Náttúruhamfarir, bilanir, mannleg mistök, óljósar kröfur til lágmarks rekstraröryggis neyðarfjarskipta. Óljós verkaskipting aðila á neyðarstundu. Almennur fjárskortur. Skortur á fjármagni til endurbóta vegna öryggismála skortur á eftirliti (vottun). Skemmdarverk.
<b>Mótvægi:</b>	Lög og reglugerðir, eftirfylgni og eftirlit með þeim. Netöryggissveit CERT-ÍS (Computer Emergency Responce Team), Póst- og fjarskiptastofnun, ríkislögreglustjórinn. Skipulag og reglubundnar viðbúnaðaræfingar. Neyðarsímsvörun, eldvarnareftirlit. Enn fremur að tryggja öruggan gagnaflutning frá mælakerfum ýmiss konar sem nauðsynlegir eru til að bregðast við atburðum, s.s. náttúruvá.
<b>Næmi:</b>	Bilanir, mannleg mistök, skemmdarverk, gallar, rafmagnsleysi, rof sæstrengja, fáar varaleiðir eða skortur á þeim. Villur og yfirsjónir sem orsaka innbyggða veikleika.
<b>Viðbragð:</b>	Netöryggissveit CERT-ÍS, virkt og æft viðbúnaðarferli undir stjórn e.k. neyðarráðs sem hefur aðgang að samhfingaraðstöðu. Ríkislögreglustjóri, Landhelgisgæslan með öruggu og lokuðu fjarskiptakerfi við NATO og aðildarríki þess.
<b>Eftir atburð:</b>	Þátttakendur rýna verklag til að læra af reynslunni og bæta það.
<b>Verkefni næstu þriggja ára (2015-2017):</b>	<ol style="list-style-type: none"><li>Greina lágmarkspjónustupörf vegna almannaöryggis á sviði fjarskipta, net- og upplýsingaöryggis og skrifa skýrslu um niðurstöður með tillögum um aðgerðir.</li><li>Mótuð verði stefna og aðgerðaáætlun stjórnvalda um net- og upplýsingaöryggi og vernd upplýsingakerfa mikilvægra samfélagsinnviða er varða þjóðaröryggi (NCSS: National Cyber Security Strategy).</li><li>Mat á nauðsynlegum viðbúnaði til þess að tryggja öryggi fjarskiptakerfa og gerð viðbragðsáætlunar vegna truflana og langvarandi rofs á fjarskiptum og netögna.</li><li>Ríkislögreglustjóri í samvinnu við hlutaðeigandi aðila tilgreini hvað teljist til upplýsingakerfa ómissandi innviða samfélagsins.</li><li>Meta öryggisþörf fjarskiptakerfa gegn skipulögðum árásum, innbrotum og hlerunum. Yfirfara þarf löggjöf með tilliti til þess hvort fullnægjandi kröfur séu</li></ol>

	<p>gerðar um öryggismál og skrifa skýrslu um niðurstöður með tillögum um aðgerðir.</p> <p>6. Gera áætlun um vernd spennistöðva, mastra og ljósleiðara gegn skemmdarverkum.</p>
<p><b>Staða aðgerðar</b> <b>30. sept. 2016</b></p>	<ol style="list-style-type: none"> <li>Greiningarvinnarvinna á stöðu stendur yfir á tilteknum sviðum og niðurstöður verða síðan nýttar til greiningar á lágmarkspjónustupörf og skýrsla tekin saman.</li> <li>Netöryggisstefna og aðgerðaáætlun kynnt af innanríkisráðherra í apríl 2015, Netöryggisráð skipað í október 2015 og samantekt um starfsemi ráðsins og stöðu aðgerða 31. maí 2016 liggur fyrir.</li> <li>Greinargerð um mat PFS á þörf vegna viðbúnaðar og eftirlits hefur verið send innanríkisráðuneyti. Drög liggja fyrir að viðbragðsáætlun vegna fjarskipta, frumdrög liggja fyrir að viðbragðsáætlun vegna netögna.</li> <li>Ríkislögreglustjóri gerði mat á hvað skuli teljast til ómissandi innviða samfélagsins og var það mat birt í stefnunni. Það mat er að mestu sambærilegt við þá flokkun sem miðað er við í tilskipun Evrópusambandsins um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða samfélagsins, svonefndri NIS (e. Network and Information Systems) tilskipun sem samþykkt var 6. júlí 2016. Matið verður tekið til endurskoðunar eftir því sem þörf krefur vegna þessarar tilskipunar.</li> <li>Raunlægt öryggi er nú hluti af úttektum Póst- og fjarskiptastofnunar, á tilteknum þáttum en ekki hefur náðst að gera heildarúttekt.</li> <li>Gerð áætlunar stendur yfir.</li> </ol>

### **Aðgerð 16. Innviðir mælikerfa til eftirlits og rannsókna**

<b>Markmið:</b>	<p>Að tryggja umfang og rekstur mikilvægra mælikerfa til umhverfsvöktunar</p> <p>Að tryggja aðgang að gögnum vegna umhverfsvöktunar til eftirlits og rannsókna.</p>
<b>Ábyrgðaraðili:</b>	Umhverfis- og auðlindaráðuneytið.
<b>Verkefnastjórn:</b>	Veðurstofa Íslands.
<b>Lykilaðilar:</b>	Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, Veðurstofa Íslands, Vegagerðin, Samgöngustofa, Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands, Umhverfisstofnun, Geislavarnir ríkisins, orkufyrirtæki, sveitarfélög.
<b>Kostnaður:</b>	Miðað er við að kostnaður rúmist innan fyrirliggjandi fjárhagsramma.
<b>Ógnir:</b>	<p>Óljósar kröfur um nauðsynlegt umfang mælikerfanna.</p> <p>Náttúruhamfarir, bilanir, mannleg mistök, óljósar kröfur til lágmarks rekstraröryggis fjarskipta. Óljós verkaskipting aðila á neyðarstundu. Fjárskortur, skortur á eftirliti (vottun) og til endurbóta vegna öryggismála. Skemmdarverk.</p>



<b>Mótvægi:</b>	<p>Þarfagreining á umfangi landsnets mælikerfa á grundvelli þeirrar náttúrvár og ógna sem íslenskt samfélag býr við.</p> <p>Lög og reglugerðir, eftirfylgni og eftirlit með þeim.</p>
<b>Næmi:</b>	Náttúruhamfarir, bilanir, mannleg mistök, skemmdarverk, gallar, rafmagnsleysi, rof sæstrengja, fáar varaleiðir eða skortur á þeim. Villur og yfirsjónir sem orsaka innbyggða veikleika.
<b>Viðbragð:</b>	Aðlögun og uppbygging landsnets mælikerfa. Netöryggi fyrir gagnaflutning.
<b>Eftir atburð:</b>	Landsnet mælikerfa verði endurskoðað og endurbætt ef þörf er á.
<b>Verkefni næstu þriggja ára (2015-2017):</b>	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Þarfagreining á umfangi landsnets mælikerfa.</li> <li>2. Samræming á mælibúnaði og gæðakröfum til hans verður könnuð og tillögur lagðar fram.</li> <li>3. Meta hvort núverandi fjármagn dugi til uppbyggingar og reksturs þeirra kerfa sem uppfylla þarfir og gera tillögur um úrbætur ef þörf er á.</li> <li>4. Samræmd umsjón mælikerfa verður könnuð og tillögur lagðar fram.</li> <li>5. Athuga þörf á breytingum laga og reglugerða til að tryggja innviði mælikerfa til eftirlits og rannsókna.</li> </ol>
<b>Staða aðgerðar 30. sept. 2016</b>	<p>Engum verkefnum er lokið. Staða einstakra verkefna:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Vinna er hafin við að þarfagreina grunnkerfi landsnets mælikerfa. Áætlað er að þeirri vinnu ljúki innan árs.</li> <li>• Tekið er tillit til verkþátta 2-4 við vinnu á verkþætti 1.</li> <li>• Vinna við verkþátt 5 er ekki hafin. Áætlað er að hún hefjist á næsta ári</li> </ul>

### Aðgerð 17. Raforkukerfi

<b>Markmið:</b>	Mat á kröfum til að til sé nægjanleg raforka til þess að mikilvægir innviðir virki eins og kostur er á neyðartímum.
<b>Ábyrgð:</b>	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti ásamt umhverfis- og auðlindaráðuneyti.
<b>Verkefnastjórn:</b>	Landsnet
<b>Lykilaðilar:</b>	Atvinnuvega og nýsköpunarráðuneyti, umhverfis- og auðlindaráðuneyti, raforkuframleiðendur, Landsnet, dreifiveitur, neyðarsamstarf raforkukerfisins (NSR), almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, Orkustofnun, Samorka, Mannvirkjastofnun, byggingarfulltrúar, ásamt öðrum.
<b>Kostnaður:</b>	Miðað er við að kostnaður rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma.
<b>Ógnir:</b>	Náttúruhamfarir, loftlagsbreytingar, mannleg mistök, skemmdarverk, ónóg fagþekking, fjárpurrð, skortur á aðföngum, stríðsástand, lítil endurnýjun kerfa.
<b>Mótvægi:</b>	<p>Lög og reglugerðir. Viðbragðsáætlanir, reglubundnar viðbragðsæfingar, reglubundið eftirlit og viðhald búnaðar, öflug þjálfun viðbragðsaðila, samstarf raforkuframleiðenda, flutningsaðila, dreifiaðila og annarra sem haft geta áhrif á öryggi.</p> <p>Mannvirkjastofnun hefur eftirlit með öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga í raforkumannvirkjum.</p>

<b>Næmi:</b>	Mannleg mistök, skemmdarverk, stórfelldar bilanir, náttúruhamfarir, loftslagsbreytingar, skortur á aðföngum.
<b>Viðbragð:</b>	Varaafstöðvar þáttakenda í NSR, annarra stórra notenda og raforkufyrirtækja (framleiðenda og dreifenda). Viðbragðsáætlanir og neyðarskipulag þáttakenda í NSR.
<b>Eftir atburð:</b>	Uppbygging kerfisins, rannsóknir, úrvinnsla, skýrslugerð og kynning.
<b>Verkefni næstu þriggja ára (2015-2017):</b>	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Mat á nauðsynlegum viðbúnaði til þess að tryggja sem best öryggi raforkukerfisins og gerð viðbragðsáætlana vegna truflana og langvarandi rofs á raforkuflutningi, framleiðslu og dreifingu.</li> <li>2. Skilgreina lágmarkskröfur um öryggi og virkni raforkumannvirkja og gera áætlun um vernd þeirra vegna skemmdarverka.</li> <li>3. Endurskoðun og áframhaldandi uppbygging á neyðarsamstarfi vegna raforkukerfisins.</li> </ol>
<b>Staða aðgerðar 30. sept. 2016</b>	<p>Allir verkþættir eru í vinnslu.</p> <p>Verkþáttur 1: Fyrir liggja upplýsingar úr daglegum rekstri raforkufyrirtækja um aðgerðir sem stuðla að öryggi raforkukerfisins. Í úrlausn felst samræmt mat á aðgerðum þáttakenda NSR, m.a. öryggis- og mikilvægisflokkun mannvirkja, alvarleikastigi truflana, viðbragðsáætlunum, nauðsynlegum viðbúnaði, varaafli, upplýsingaöryggi.</p> <p>Verkþáttur 2: Fyrir liggja upplýsingar um kröfur til öryggis og virkni raforkumannvirkja, ýmis fyrirtæki eiga sérstakar viðbragðsáætlanir vegna skemmdarverka (váverka). Í úrlausn felst samræmd skilgreining á lágmarkskröfum til m.a. rekstraröryggis búnaðar, aðgengis mannvirkja, öryggis- og mikilvægisflokkunar mannvirkja, auk ábendingu um gerð viðbragðsáætlunar ef vantar.</p> <p>Verkþáttur 3: Aukinn áhugi er meðal þáttakenda NSR og ýmissa aðila um víðtækara samstarf. Til umræðu á haustfundi NSR þann 30. ágúst n.k. verður m.a. tillaga framkvæmdanefndar um endurskoðun, uppbyggingu og þróun í samræmi við samstarfsgrunn NSR.</p>

## Aðgerð 18. Hitaveitur

<b>Markmið:</b>	Að hitaveitur geti annast dreifingu á varmaorku á neyðartímum og geri neyðaráætlanir í þeim tilgangi.
<b>Ábyrgð:</b>	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.
<b>Verkefnastjórn:</b>	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.
<b>Lykilaðilar:</b>	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, sveitarfélög, Samorka, Orkustofnun, hitaveitufyrirtæki. Mannvirkjastofnun, ríkislögreglustjóri, ásamt öðrum.
<b>Kostnaður:</b>	Miðað er við að kostnaður rúmist innan fyrirliggjandi fjárhagsramma.
<b>Ógnir:</b>	Náttúruhamfarir, mannleg mistök, skemmdarverk, ónóg fagþekking, fjárþurrð, skortur á aðföngum, langvarandi rafmagnsbilanir.
<b>Mótvægi:</b>	Lög og reglugerðir. Orkustofnun sér um eftirlit.

	Reglubundnar viðbragðsæfingar, reglubundið eftirlit og viðhald búnaðar, þjálfun viðbragðsaðila.
<b>Næmi:</b>	Mannleg mistök, skemmdarverk, stórfelldar bilanir, náttúruhamfarir, loftslagsbreytingar, skortur á aðföngum.
<b>Viðbragð:</b>	Varaafstöðvar, viðbragðsáætlanir.
<b>Eftir:</b>	Uppbygging kerfisins, rannsóknir, úrvinnsla, skýrslugerð og kynning.
<b>Verkefni næstu þriggja ára (2015-2017):</b>	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Leggja þarf áherslu á ábyrgð eigenda veitufyrirtækja og eigenda neysluveitna.</li> <li>2. Mat á nauðsynlegum viðbúnaði til þess að tryggja öryggi og virkni hitaveitna og gerð viðbragðsáætlunar vegna truflana og langvarandi rofs á dreifingu..</li> </ol>
<b>Staða aðgerðar 30. sept. 2016</b>	Engum verkþáttum er lokið. Óskað hefur verið eftir upplýsingum frá Samorku varðandi mat á nauðsynlegum viðbúnaði og viðbragðsáætlanir.

### Aðgerð 19. Jarðefnaeldsneyti

<b>Markmið:</b>	Að til séu 30 daga birgðir í landinu og gerðar séu viðbragðsáætlanir. Langtíamarkmið: Að til séu 90 daga birgðir.
<b>Ábyrgð:</b>	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.
<b>Verkefnastjórn:</b>	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.
<b>Lykilaðilar:</b>	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Orkustofnun, olúfélög.
<b>Kostnaður:</b>	Miðað er við að kostnaður rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma.
<b>Ógnir:</b>	Náttúruhamfarir, skemmdarverk, slys, óhöpp, röskun á innflutningi eldsneytis, stríðsástand.
<b>Mótvægi:</b>	Lög og reglugerðir. Girðingar í kringum olútanka. Sólarhringsvaktir og myndavélar eru við tanka. Samantekt á birgðatölum á þriggja mánaða fresti.
<b>Næmi:</b>	Mannleg mistök, skemmdarverk.
<b>Viðbragð:</b>	Viðbragðsáætlanir eru til hjá olúfélögunum. Skömmtun á olú.
<b>Eftir atburð:</b>	Rýna aðgerðir.
<b>Verkefni næstu þriggja ára (2015-2017):</b>	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Greina þarf hversu háð íslenskt samfélag er innflutningi á olú.</li> <li>2. Fá olúfélög til að senda upplýsingar um birgðatölur til Orkustofnunar einu sinni í mánuði í stað á þriggja mánaða fresti.</li> <li>3. Vinna viðbragðsáætlanir vegna olúskorts.</li> <li>4. Vinna að orkustefnu fyrir Ísland.</li> </ol>

<b>Staða aðgerðar 30. sept. 2016</b>	<p>Áfangi 2 er náð þar sem Orkustofnun hefur hafið mánaðarlega gagnasöfnun um birgðastöðuna.</p> <p>Ráðuneytið er með til skoðunar að vinna tillögur um aukið birgðaöryggi eldsneytis í sambandi við almennt verkefni um orkuöryggi (raforkuframboðs, raforkuflutnings) sem sett verður af stað næsta haust. Ráðuneytið og Orkustofnun hafa skoðað möguleika á kröfu um 90 daga lágmarksbirgðir í tengslum við aðildarviðræður á sínum tíma og nú sem möguleika á þátttöku í IEA (alþjóðaorkumálastofnuninni). Orkustofnun hefur skilað minnisblaði með nánari lýsingu á málinu.</p>
--	--

## Aðgerð 20. Heilbrigðisþjónusta

<b>Markmið:</b>	<p>Að heilbrigðiskerfið geti brugðist við í almannavarnaástandi</p> <p>Að til séu nægilegar birgðir lyfja til þess að takast á við afleiðingar hamfara í sex mánuði.</p>
<b>Ábyrgð:</b>	Velferðarráðuneytið.
<b>Verkefnastjórn:</b>	Embætti landlæknis
<b>Lykilaðilar:</b>	Velferðarráðuneytið, sóttvarnalæknir, Embætti landlæknis, heilbrigðisstofnanir, heilsugæsla, lyfjafyrirtæki, sveitarfélög, Umhverfisstofnun, Þjóðskrá Íslands, Mannvirkjastofnun, ríkislögreglustjóri.
<b>Kostnaður:</b>	Miðað er við að kostnaður við þessa skipulagsvinnu rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma.
<b>Ógnir:</b>	Heimsfaraldur influensu, farsóttir, náttúruhamfarir, skemmdarverk, umferð fólks til landsins, röskun á innflutningi lyfja og búnaðar.
<b>Mótvægi:.</b>	<p>Sóttvarnalög og samstarfsnefnd um sóttvarnir. Bólusetningar, hreinlæti og fræðsla. Alþjóðlegt samstarf og vöktun hjá sóttvarnalækni. Sóttvarnalæknir er tengiliður við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina.</p> <p>Þjóðskrá er með lögbundið hlutverk um skráningu fólks og landfræðileg upplýsingakerfi.</p>
<b>Næmi:</b>	Heimsfaraldur influensu og farsóttir.
<b>Viðbragð:</b>	Landsáætlun vegna heimsfaraldurs influensu, aðrar áætlanir um influensu. Viðbragðsáætlanir vegna annarra farsóttar, eins og t.d. bólusóttar. Viðbragðsáætlanir heilbrigðisstofnana. Áætlun um skipulag áfallahjálpar. Áætlanir vegna eiturefna, sýkla og geislavirkra efna.
<b>Eftir atburð:</b>	Þátttakendur rýna verkferla.
<b>Verkefni næstu þriggja ára (2015-2017):</b>	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Uppfæra landsáætlun vegna heimsfaraldurs influensu og aðrar influensu-áætlanir.</li> <li>2. Mótun og viðhald viðbragðsáætlana gegn atburðum sem ógna lýðheilsu hér á landi og á heimsvísu, þ.m.t heimsfaröldrum.</li> <li>3. Áætlun um grundvallar viðbúnað, einkum á flugvöllum og við hafnir.</li> <li>4. Skilgreina og ákveða nauðsynlegar lyfjabirgðir.</li> <li>5. Heilbrigðiseftirlit á flugvöllum og höfnum.</li> </ol>

<b>Staða aðgerðar</b> <b>30. sept. 2016</b>	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Uppfærslu á viðbragðsáætlun gegn heimsfaraldri influensu lokið</li> <li>2. Gerð viðbragðsáætlunar við vá í flugvélum og í Leifsstöð lokið og æfingu hennar lokið</li> <li>3. Vábirgðir lyfja, innrennislisvökva, hlífðarbúnaðar og bóluefna skilgreindar og til staðar.</li> <li>4. Viðbragðsáætlun gegn vá í skipum og höfnum í vinnslu</li> </ol>
--	---

## Aðgerð 21. Fæðuöryggi

<b>Markmið:</b>	Að til sé áætlun um að nægar birgðir séu til af heilnæmum mat og ómenguðu neysluvatni í að minnsta kosti sex mánuði.
<b>Ábyrgð:</b>	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.
<b>Verkefnastjórn:</b>	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
<b>Lykilaðilar:</b>	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Matvælastofnun, Matís ohf., Hafrannsóknastofnun, Fiskistofa, Veiðimálastofnun, sveitarfélög, Landhelgisgæsla Íslands, Umhverfisstofnun, slökkvilið og Mannvirkjastofnun. Matvælaframleiðendur, bæði á frum- og vinnslustigi, og birgjar.
<b>Kostnaður:</b>	Miðað er við að kostnaður við þessa skipulagsvinnu rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma.
<b>Ógnir:</b>	Náttúruhamfarir, loftlagsbreytingar, mengun, mannleg mistök, skemmdarverk, skortur á olíu og áburði. Einangrun landsins með lokun landamæra, siglinga- og flugleiða. Lokun á innflutning matvæla og efna, efnahagshrun, sjúkdómar í skepnum, plágur, influensa, dýrasjúkdómar. Eiturefna- og mengunarslys. Stríðsástand. Gjaldeyrisskortur.
<b>Mótvægi:</b>	Lög og reglugerðir. Vöktun á sjó og landi. Tryggja rekstrarvörur til matvælaframleiðslu, olíur, tæki, lyf, o.fl. Vera undir það búin að geta leiðbeint fólki að bjarga sér við mataröflun.
<b>Næmi:</b>	Innflutningur matvöru og birgðir, birgðir verslana. Mannleg mistök.
<b>Viðbragð</b>	Skömmtun matvæla og aðfanga fyrir fæðuframléiðslu. Fylgjast með umhverfinu hvort heldur á sjó, landi og í lofti og meta ástand þess m.t.t. hvort óhætt er að neyta matvæla.
<b>Eftir atburð:</b>	Að halda matvælaframleiðslu gangandi. Fylgjast með birgðahaldi í sláturhúsum og hjá fyrirtækjum í sjávarútvegi. Birgðabókhald – yfirlit um birgðastöðu. Matur og vatn til staðar. Tryggja dreifingu. Tryggja aðföng til framleiðslu á matvælum frá sjó og landi.
<b>Viðbragðskerfi:</b>	Birgðakerfi, viðbragðsáætlanir.
<b>Verkefni næstu þriggja ára (2015-2017):</b>	<p>Setja þarf reglur um eftirfarandi atriði:</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Gerð viðbragðsáætlunar fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.</li> <li>2. Viðbragðsáætlun við matvælaskorti í samráði við helstu birgja.</li> <li>3. Utanumhald og skýr upplýsingamiðlun.</li> <li>4. Vöktunarstofnanir geri áætlun um hvernig bregðast skuli við í kjölfar hamfara.</li> </ol>

	5. Gera neyðaráætlun um hagvarnir, birgðir og neyðarflutninga til og frá landinu.
<b>Staða aðgerðar</b> <b>30. sept. 2016</b>	Verkefni er í vinnslu.

## Aðgerð 22. Matvælaöryggi

<b>Markmið:</b>	Vernda heilsu fólks með því að tryggja heilnæmi og gæði matvæla.
<b>Ábyrgð:</b>	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.
<b>Verkefnastjórn:</b>	Matvælastofnun.
<b>Lykilaðilar:</b>	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Matvælastofnun, heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga, Matis ohf., Hafrannsóknastofnun, Fiskistofa, Veiðimálastofnun, Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræðum að Keldum, sóttvarnalæknir, Tollstjóri.
<b>Kostnaður:</b>	Miðað er við að kostnaður við þessa skipulagsvinnu rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma.
<b>Ógnir:</b>	Náttúruhamfarir. Mengun. Mannleg mistök. Skemmdarverk. Alvarlegir búfjár- og plöntusjúkdómar. Eiturefnaslys.
<b>Mótvægi:</b>	Lög og reglugerðir. Sjúkdómavöktun og varnir gegn dýra- og plöntusjúkdómum. Matvælaeftirlit. Rannsóknir og rannsóknargagnagrunnar vegna vöktunar umhverfis, frumframleiðslu afurða og matvæla. Grunnigildi aðskotaefna og mengun varðandi umhverfi og matvæli.
<b>Næmi:</b>	Innflutningur matvöru og birgðir, mannleg mistök.
<b>Viðbragð:</b>	Viðbragðsáætlanir, birgðakerfi.
<b>Eftir atburð:</b>	Sannprófun úrbóta á umhverfi og matvælum, tíðara eftirlit og rannsóknir.
<b>Viðbragðskerfi:</b>	Viðbragðsáætlun vegna fæðusjúkdóma, viðbragðsáætlun vegna mengaðs fódurs, viðbragðsáætlun vegna smitsjúkdóma í búfé.
<b>Verkefni næstu þriggja ára (2015-2017):</b>	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Uppfæra viðbragðsáætlun vegna fæðusjúkdóma og mengaðs fódurs.</li> <li>2. Ljúka innleiðingu á áhættumiðuðu opinberu matvælaeftirliti.</li> <li>3. Gerð verði víðtæk áhættuskoðun á sviði matvælaöryggis, m.a. með tilliti til birgðahalds og viðbragðsáætlana á neyðartímum.</li> <li>4. Endurbæta gagnagrunna.</li> </ol>
<b>Staða aðgerðar</b> <b>30. sept. 2016</b>	<p>1 og 2 er lokið</p> <p>3. Ekki hafð</p> <p>4. Ekki hafð.</p>

## Aðgerð 23. Neysluvatnsöryggi

<b>Markmið:</b>	Vernda heilsu fólks með því að tryggja að neysluvatn sé heilnæmt og hreint.
<b>Ábyrgð:</b>	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, umhverfis- og auðlindaráðuneytið,.
<b>Verkefnastjórn:</b>	MAST
<b>Lykilaðilar:</b>	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, umhverfis- og auðlindaráðuneytið, , Umhverfisstofnun, Matvælastofnun, heilbrigðiseftirlit og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga, sveitarfélög og vatnsveitur, ásamt öðrum.
<b>Kostnaður:</b>	Miðað er við að kostnaður við þessa skipulagsvinnu rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma.
<b>Ógnir:</b>	Náttúruhamfarir, mengun, mannleg mistök, skemmdarverk, sjúkdómar í skepnum, flensusjúkdómar, plágur, eiturefnaslys.
<b>Mótvægi:</b>	Eftirlit, vöktun og rannsóknir með vatnsbólum og í kringum vatnsverndarsvæði. Leiðbeiningar Matvælastofnunar um sýnatöku á neysluvatni, gæði og meðhöndlun yfirborðsvatns. Lög og reglugerðir.
<b>Næmi:</b>	Mengunarslys, mannleg mistök.
<b>Viðbragðskerfi:</b>	Viðbragðsáætlanir heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga vegna gruns um fæðusjúkdóma. Tilkynningar til neytenda. Stöðva dreifingu vatns. Greina uppruna mengunar. Eftirlit og rannsóknir. Aðgerðir til þess að endurheimta vatnsgæði.
<b>Eftir atburð:</b>	Sannprófun úrbóta, tíðara eftirlit og rannsóknir.
<b>Verkefni næstu þriggja ára (2015-2017):</b>	1. Skilgreina kröfur um verndun vatnsbóla og gerðar öryggisúttektir á þeim. 2. Gerð leiðbeininga um neysluvatn sem byggja á hinum ýmsu reglugerðum þar um. 3. Gerð öryggis- og viðbragðsáætlana. 4. Starfshópur um litlar vatnsveitur
<b>Staða aðgerðar 30. sept. 2016</b>	Í gildi eru Evrópureglur um verndun vatnsbóka. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga fara með eftirlit undir yfirumsjón MAST.

## Aðgerð 24. Viðbúnaðar- og neyðarþjónusta

<b>Markmið:</b>	Auka og bæta samstarf viðbragðsaðila og hlutaðeigandi stofnana vegna viðbúnaðar.
<b>Ábyrgð:</b>	Innanríkisráðuneytið.
<b>Verkefnastjórn:</b>	Ríkislögreglustjórinn.
<b>Lykilaðilar:</b>	Ríkislögreglustjórinn, forsætisráðuneytið, viðbragðsaðilar, Skipulagsstofnun, Mannvirkjastofnun, slökkvilið sveitarfélaganna, Landmælingar Íslands, Landhelgisgæslan, Þjóðskrá Íslands, Veðurstofan, rannsóknarnefnd almannaþingarinnar.

<b>Kostnaður:</b>	Miðað er við að kostnaður rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma.
<b>Ógnir:</b>	Áhættuþættir af mannvöldum, náttúruvöldum og vegna tæknilegra bilana.
<b>Mótvægi:</b>	<p>Ríkislögreglustjóri með áhættumati, viðbragðsáætlanagerð, æfingar og þjálfun.</p> <p>Veðurstofan með áhættumati og viðbragðsáætlanagerð.</p> <p>Skipulagsstofnun með upplýsingabanka um stöðu skipulagsmála í sveitarfélögum og umhverfismat.</p> <p>Mannvirkjastofnun með eftirliti með slökkviliðum og þjálfun og menntun slökkviliðsmanna.</p> <p>Slökkviliðin með eldvarnareftirliti.</p> <p>Landmælingar Íslands með kortavinnslu, tryggja að ávallt séu til staðfræðilegar og landfræðilegar grunnupplýsingar um landið.<sup>2</sup> Sjómælingasvið LHG með sjókort.</p> <p>Þjóðskrá með lögbundið hlutverk um skráningu fólks, mannvirkja, og landfræðilegum upplýsingakerfum.</p> <p>Viðbragðsaðilar með þjálfun og æfingum.</p>
<b>Næmi:</b>	Mannleg mistök, skemmdarverk.
<b>Viðbragðskerfi:</b>	<p>Áætlanir, sameiginlegir fundir og kynningar á starfi viðbragðsaðila.</p> <p>Slökkvilið sveitarfélaganna með björgun.</p> <p>Lögregla með stjórnun aðgerða.</p> <p>Landhelgisgæslan ber ábyrgð á leit og björgun á sjó og vegna loftfara og aðstoðar við leit, björgun og viðbragðsþjónustu á landi.</p> <p>Rauði krossinn með fjöldahjálp, félagslegu hjálparstarfi og neyðarvörnum.</p> <p>Slysavarnafélagið Landsbjörg með leit og björgun á landi og sjó.</p> <p>Þjóðskrá með landfræðilegum upplýsingakerfum.</p>
<b>Eftir atburð:</b>	<p>Rannsóknarnefnd almannavarna.</p> <p>Viðbragðsaðilar rýna verkferla.</p>

<sup>2</sup> Með landupplýsingum er átt við gögn og upplýsingar (s.s. kort og loftmyndir) sem tengjast stað á, í eða yfir jörðu, hvort heldur með hnitum eða auðkenni, t.d. heimilisfangi eða póstnúmeri. Grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar er skilgreind sem tækni, stefnur, staðlar og mannauður sem þarf til að afla stafrænna landupplýsinga, vinna úr þeim, varðveita, miðla og auðvelda notkun þeirra.



<b>Verkefni næstu þriggja ára (2015-2017):</b>	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Að þróa frekari samskiptamöguleika á milli fjarskiptakerfa.</li> <li>2. Að gera aðgerðakort sem byggjast á traustum landfræðilegum kortagrunnum.</li> <li>3. Allir viðbragðsaðilar skulu hafa tekið SÁBF-skipulagið upp fyrir árslok 2015. Námsefni byggt á því verður að nota við þjálfun þeirra sem stjórna aðgerðum á hættutímum.</li> <li>4. Að viðbragðsaðilar nýti samhæfingar- og stjórnstöð vegna samhæfingar við hvers kyns aðgerðir.</li> </ol>
<b>Staða aðgerðar 30. sept. 2016</b>	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Í vinnslu, innleiðingu lýkur 2016</li> <li>2. Áætlað fyrir árslok 2017</li> <li>3. Áætlað fyrir árslok 2017</li> <li>4. Lokið</li> </ol>

### Aðgerð 25. Samgöngukerfi á sjó

<b>Markmið:</b>	Að auka vöktun, öryggi og vernd skipa á siglingu í kringum landið, öryggi áhafna, farþega, strandsvæða, farms og hafnaraðstöðu.
<b>Ábyrgð:</b>	Innanríkisráðuneytið.
<b>Verkefnastjórn:</b>	Landhelgisgæsla Íslands.
<b>Lykilaðilar:</b>	Innanríkisráðuneytið, Samgöngustofa og Vegagerðin, Landhelgisgæsla Íslands, Tollstjóraembættið, Umhverfisstofnun, Vaktstöð siglinga, Veðurstofa Íslands, slökkvilið sveitarfélaga, lögreglustjórar, Ríkislögreglustjóri, Hafnasamband Íslands, Fjöltækniskóli Íslands, Slysavarnaskóli sjómanna, Rannsóknarnefnd samgönguslysa, Umhverfisstofnun, Slysavarnafélagið Landsbjörg, ásamt öðrum.
<b>Kostnaður:</b>	Miðað er við að kostnaður við skipulagningu þessa rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma.
<b>Ógnir:</b>	Náttúruhamfarir, loftslagsbreytingar, veðurtengd vá, s.s. ofsaveður, aftakabrim og sjávarflóð, mannleg mistök, slys, hryðjuverk, hafís, kjarnorkuknúin farartæki, olíuflutninga-, flutninga- og fiskiskip farast. Lokanir hafna, t.d. vegna hafíss eða farsóttu. Tækja- og vélarbilanir.
<b>Mótvægi:</b>	Lög og reglugerðir. Námskeið og fræðsla, viðvaranir, upplýsingagjöf, öryggisbúnaður, löggæsla á hafinu, æfingar, eftirlit, vöktun skipaumferðar, skipavernd, hafnavernd og farmvernd, veðurspár, sjóveðurspár og hafísspár, sjómælingar, upplýsingar um sjólag og brim.
<b>Næmi:</b>	Mannleg mistök, veðurfar, hafís, náttúruhamfarir, t.d. aftakabrim, sjávarflóð og fljóðbylgjur. Tækja- og vélarbilanir.
<b>Viðbragð:</b>	Landhelgisgæsla Íslands ber ábyrgð á löggæslu, leit og björgun á hafi og á samstarf við Slysavarnafélagið Landsbjörg. Slökkviliðin koma að björgun við hafnir. Umhverfisstofnun ber ábyrgð á viðbrögðum við mengunarslysum. Siglingarverndaráætlun Íslands, verndaráætlanir fyrir allar hafnir, verndaráætlanir fyrir farmskip og farþegaskip. Upplýsingagjöf, öryggisbúnaður, æfingar, eftirlit.
<b>Eftir atburð:</b>	Rannsóknarnefnd samgönguslysa rýnir atburð.

<b>Verkefni næstu þriggja ára (2015-2017):</b>	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Undirbúnar verði sérstakar ráðstafanir um leiðarstjórnun við norðan- og vestanvert landið og leitað eftir samþykki <i>Alþjóða siglingamálastofnunarinnar</i> (IMO) á þeim.</li> <li>2. Efla vöktun á hafís og bæta upplýsingagjöf um hafís á siglingaleiðum við landið. Nauðsynlegt er að stjórnvöld uppfylli skyldur sínar á þessu sviði gagnvart sjófarendum.</li> <li>3. Fylgjast með og greina siglingaleiðir skipa, einkum skipa sem flytja hættuleg efni, á hafsvæðinu í kringum landið. Gert verði áhættumat fyrir siglingar farþega- og flutningaskipa við norðan- og vestanvert landið. Slíkt áhættumat yrði m.a. grundvöllur fyrir áætlun um dráttarskip og viðbúnað vegna mengunarslysa.</li> <li>4. Þróa þarf og keyra reklíkan til að geta sagt fyrir um rek stórra vélarvana skipa á siglingaleiðum við landið. Rek stórra skipa er háð ölduhæð, sjávarfallastraumum og hafstraumum. Ljúka þarf innleiðingu EES-tilskipunar (2002/59/EB) um neyðarhafnir og skipaafdrepp.</li> </ol>
<b>Staða aðgerðar 30. sept. 2016</b>	Verkefni er í vinnslu.

### Aðgerð 26. Samgöngukerfi á landi

<b>Markmið:</b>	<p>Að tryggja órofið vegasamband á stofnvegum landsins og á vegum í þéttbýli (á ábyrgð sveitarfélaga)</p> <p>Að tryggja umferðaröryggi á vegum.</p>
<b>Verkefnastjórn:</b>	Innanríkisráðuneytið.
<b>Lykilaðilar:</b>	Vegagerðin.
<b>Þátttakendur:</b>	Innanríkisráðuneytið, Ríkislögreglustjóri, Vegagerðin, Samgöngustofa, Landhelgisgæsla Íslands, Skipulagsstofnun, Landgræðsla ríkisins, Mannvirkjastofnun og aðrir viðbragðsaðilar.
<b>Kostnaður:</b>	Miðað er við að kostnaður við skipulagningu þessa rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma..
<b>Ógnir:</b>	Náttúruhamfarir, veðurtengd vá, s.s. ofsaveður, slys, óvæntir skaðar á mannvirkjum, loftslagsbreytingar, skemmdarverk.

<b>Mótvægi:</b>	<p>Lög og reglugerðir. Góð landfræðileg staðsetning á þjónustustöðvum Vegagerðarinnar um allt land. Tvær vaktstöðvar sem hafa yfirlit yfir færð og veður hver á sínu svæði og geta stýrt þjónustu. Að auki er upplýsingaþjónusta rekin á Ísafirði. Yfirgripsmikil þekking starfsmanna Vegagerðarinnar á öllum þáttum vegahalds, þ.e. þjónustu, viðhaldi og nýbyggingu vegamannvirkja, m. a. eigin brúarvinnuflokka sem hægt er að kalla út með litlum fyrirvara. Svæðisbundnar miðstöðvar Vegagerðarinnar utan Reykjavíkur eru í Borgarnesi, á Akureyri og Selfossi en auk þess eru stórar starfsstöðvar á Ísafirði, Sauðárkróki og Reyðarfirði.</p> <p>Löggæsla, hraðamyndavélar, Samgöngustofa, Skipulagsstofnun, Landgræðslan með mótvægisáðgerðum vegna sandfoks. Samgöngustofa og Vegagerðin sjá um öryggi vega. Umferðaröryggisáætlun. Samgöngustofa með upplýsingamiðlun í fjölmiðlum. Umferðaröryggisstarf Samgöngustofu.</p> <p>Eldvarnareftirlit.</p> <p>Veðurspár og spár um hættu á snjóflóðum.</p>
<b>Næmi:</b>	<p>Veðurfar, náttúruhamfarir, mannleg mistök, loftslagsbreytingar.</p> <p>Aðstæður til að bregðast við rofi á vegasamgöngum eru misgóðar eftir landsvæðum. Endurreisn mannvirkja getur tekið mjög mislangan tíma eftir því hvar rof verður.</p>
<b>Viðbragð:</b>	<p>Viðbragðsáætlanir Vegagerðarinnar eru af mismunandi toga, s.s. staðbundnar áætlanir vegna jarðganga og staðbundnar áætlanir vegna lokana á vegum sökum óveðurs eða slysa.</p> <p>Lagfæring vega. Samgöngustofa sér um upplýsingamiðlun.</p>
<b>Verkefni næstu þriggja ára (2015-2017):</b>	<p>Gerð almennrar viðbragðsáætlunar vegna náttúruhamfara eða annarra atburða sem valdið geta skemmdum eða eyðileggingu á mikilvægum samgöngumannvirkjum, rofi á vegasamgöngum og þar af leiðandi bráðri almannahættu.</p>
<b>Staða aðgerðar 30. sept. 2016</b>	<p>Allir verkþættir eru í vinnslu</p> <p>Til að undirbúa gerð almennrar viðbragðsáætlunar er unnið að gagnasöfnun og rannsóknnum varðandi þær ógnir sem tengjast aðgerðinni „Samgöngukerfi á landi“ Það er einkum gert í samvinnu við Veðurstofuna og Jarðvísindastofnun Háskólans og snýr mest að náttúruhamförum, (eldsambrot, flóðahætta, jarðskjálftar o.fl.), sjávarflóðum, veðurfari og loftslagsbreytingum. Einnig er unnið að gerð verklagsreglna sem snerta viðbragðsáætlun, verkaskiptingu, ábyrgðarsvið, aðgerðir á vettvangi o.s.frv.</p>

## Aðgerð 27. Samgöngukerfi í lofti

<b>Markmið:</b>	Að auka öryggi loftfara, áhafna, farþega og farms gegn hvers kyns ógn.
<b>Verkefnastjórn:</b>	Innanríkisráðuneytið.
<b>Lykilaðilar:</b>	Ríkislögreglustjórnin.
<b>Þátttakendur:</b>	Innanríkisráðuneytið, Samgöngustofa, Isavia, ríkislögreglustjórnin, Landhelgisgæsla Íslands, flugfélög, flugvellir, flugafgreiðsluaðilar, Rannsóknarnefnd samgönguslysa, Veðurstofa Íslands, aðrir viðbragðsaðilar.

<b>Kostnaður:</b>	Miðað er við að kostnaður við skipulagningu þessa rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma..
<b>Ógnir:</b>	Náttúruhamfarir, veður og veðurtengdir þættir, s.s. ofsaveður og ísing, mannleg mistök, hryðjuverk, slys, tækja- og vélarbilanir.
<b>Mótvægi:</b>	Lög og reglugerðir. Samgöngustofa fer með stjórnáætlun, eftirlit og áhættumat.  Öryggiseftirlit á flugvöllum, flugvernd, flugleiðsaga, þ.m.t. veðurspár. Ríkislög-reglustjóri með áhættumati. Landhelgisgæsla Íslands með eftirliti. Öryggisstjórn-unarkerfi og rekstrarhandbækur. Byggingarfulltrúi og eldvarnareftirlit.
<b>Næmi:</b>	Mannleg mistök, veður, náttúruhamfarir, hryðjuverk og slys.
<b>Viðbragð:</b>	Flugverndaráætlanir, neyðaráætlun vegna flugverndar, viðbragðsáætlanir um rýmingar, flugslysaáætlanir, viðbragðsáætlun Ísavia vegna eldgosa.  Ísavia sér um æfingar og ýmiss konar þjálfun ásamt fræðslu fyrir viðbragðsaðila.  Lögreglustjóri umdæmisins stjórnar aðgerðum á landi, nema ef um flugrán er að ræða. Þá tekur Ríkislögreglustjóri við stjórn aðgerða.  Landhelgisgæslan ber ábyrgð á og stjórnar leit og björgun vegna loftfara sem óttast er um, lenda í flugslysum eða er saknað.  Samgöngustofa veitir faglega aðstoð, getur ákveðið lokun loftrýmis.  Ísavia tryggir fyrstu viðbrögð á flugvöllum og er jafnframt boðunaraðili.  Slökkvilið.  Rannsóknarnefnd samgönguslysa.  Þátttakendur rýna verkferla og bregðast við tillögum frá Rannsóknarnefnd samgönguslysa.
<b>Verkefni næstu þriggja ára (2015-2017):</b>	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Tryggt verði að fram fari reglubundnar æfingar með þátttöku allra viðkomandi aðila.</li> <li>2. Skýrt sé hvernig samstarfi eftirlitsstofnana og viðbragðsaðila skuli hátað þegar neyðarástand hefur skapast.</li> </ol>
<b>Staða aðgerðar 30. sept. 2016</b>	Sífelluverkefni Nánari lýsing stöðu verkefna: <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Sífelluvefni – áætlun liggur fyrir</li> <li>2. Lokið fyrir áslök 2016</li> </ol>

## Aðgerð 28. Öryggi æðstu stjórnar ríkisins

<b>Markmið:</b>	Að vinna áætlun um nauðsynlegar öryggisráðstafanir er tryggi samfellda starfsemi æðstu stjórnar.
<b>Ábyrgð:</b>	Forsætisráðuneytið ásamt innanríkisráðuneytinu.
<b>Verkefnastjórn:</b>	Ríkislögreglustjórinn.
<b>Lykilaðilar:</b>	Öll ráðuneyti, æðsta stjórn ríkisins og stofnanir á viðkomandi sviðum. Samband íslenskra sveitarfélaga og sveitarfélög. Ríkislögreglustjórinn.

<b>Kostnaður:</b>	Miðað er við að kostnaður rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma.
<b>Ógnir:</b>	Áhættuþættir af mannavöldum svo sem hryðjuverkum, náttúruvöldum og vegna tæknilegra bilana.
<b>Mótvægi:</b>	Lög og reglugerðir. Viðbragðsáætlun Stjórnarráðsins og áætlanir allra ráðuneyta við almannavá. Þjálfun starfsfólks og almannavarnaæfingar með þátttöku Stjórnarráðsins.
<b>Næmi:</b>	Hryðjuverk, hótanir, ofbeldi. Náttúruhamfarir, mannleg mistök, bilanir.
<b>Viðbragðskerfi:</b>	Viðbragðsáætlun Stjórnarráðsins. Öryggisráðstafanir.
<b>Eftir atburð:</b>	Rýni aðgerða og eftirfylgni með hugsanlegum reglugerðum og lagabreytingum.
<b>Verkefni næstu þriggja ára (2015-2017):</b>	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Að staðfesta viðbragðsáætlun Stjórnarráðsins við almannavarnaástandi.</li> <li>2. Að staðfesta viðbragðsáætlanir við almannavarnaástandi fyrir öll ráðuneyti. Skilgreina þarf betur hlutverk og verklagsreglur viðbragðsstjórnar Stjórnarráðsins.</li> <li>3. Áhættugreina öryggi æðstu stjórnar ríkisins, sem og mannvirkja og uppýsingakerfa á hennar vegum.</li> <li>4. Skilgreina lágmarkskröfur um öryggi æðstu stjórnar ríkisins.</li> <li>5. Útbúa og æfa viðbragðsáætlun vegna möguleika á neyðarflutningi ráðuneyta verði þau óstarfhæf vegna skemmda.</li> </ol>
<b>Staða aðgerðar 30. sept. 2016</b>	Lokið

## Aðgerð 29. Fjármálakerfi

<b>Markmið:</b>	Að vinna viðbragðsáætlun vegna rekstrartruflana og áfalla á fjármálamörkuðum sem ógna áframhaldandi starfsemi viðskipta- og fjármálastofnana.
<b>Ábyrgð:</b>	Fjármála- og efnahagsráðuneytið.
<b>Verkefnastjórn:</b>	Fjármála- og efnahagsráðuneytið.
<b>Lykilaðilar:</b>	Fjármála- og efnahagsráðuneytið, innanríkisráðuneytið, Fjármálaeftirlitið, Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Samkeppniseftirlitið, mikilvægir aðilar á fjármálamarkaði, með lögbundin hlutverk. Netöryggissveit CERT-ÍS (Computer Emergency Responce Team), Póst- og fjarskiptastofnun. Ríkislögreglustjóri.
<b>Kostnaður:</b>	Miðað er við að kostnaður rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma.
<b>Ógnir:</b>	Náttúruhamfarir. Efnahagserfiðleikar innanlands og/eða erlendis. Alþjóðlegar efnahagskreppur. Alvarlegar stjórnarkreppur. Ófullnægjandi eftirlit með fjármála-starfsemi innanlands og/eða erlendis. Ýmis konar brotastarfsemi, t.d. peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka og stórfelld efnahagsbrot. Tölvuárásir.
<b>Mótvægi:</b>	Lögbundin verkefni og eftirlit fjármála- og efnahagsráðuneytis, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, Fjármálaeftirlitsins, Seðlabanka Íslands, Hagstofu Íslands

	og Samkeppniseftirlitsins, ásamt aðilum á fjármálamarkaði með lögbundin hlutverk.
<b>Næmi:</b>	Fjármálakerfið er viðkvæmt, m.a. fyrir tölvuárásum sem geta haft áhrif á greiðslumiðlun. Óréttmætir viðskiptahættir fjármálastofnana sem grafa undan trausti almennings. Óvirkt eða ófullkomið eftirlit opinberra stofnana sem eiga að sinna eftirliti með fjármálastofnunum og fjármálamarkaði.
<b>Viðbragð:</b>	Viðbragðsáætlun fyrir stjórnkerfið og þær opinberu stofnanir sem sinna eiga mótvægishlutverki.
<b>Eftir atburð:</b>	Þátttakendur rýna atburð með það í huga að hvað sé hægt að betrumbæta.
<b>Verkefni næstu þriggja ára (2015-2017):</b>	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Gerð heildstæðrar viðbragðsáætlunar vegna áfalla á fjármálamörkuðum sem ógna samfélagslegum stöðugleika.</li> <li>2. Fræðsla um viðbrögð í samræmi við viðbragðsáætlun.</li> <li>3. Fjórða úttekt alþjóðlega starfshópsins <i>Financial Action Task Force (FATF)</i></li> </ol>
<b>Staða aðgerðar 30. sept. 2016</b>	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Verkefni er í vinnslu.</li> <li>2. Verkefni er í vinnslu.</li> <li>3. Eftirfylgni þriðju úttektar lokið sbr. aðgerð 33 og undirbúningur vegna fjórðu úttektar FATF stendur yfir.</li> </ol>

## LÖGGÆSLA OG ÖRYGGISMÁL

### Aðgerð 30. Efling löggæslu

<b>Markmið:</b>	Að auka öryggi almennings.
<b>Ábyrgð:</b>	Innanríkisráðuneytið.
<b>Verkefnastjórn:</b>	Innanríkisráðuneytið.
<b>Lykilaðilar:</b>	Innanríkisráðuneytið, Ríkislögreglustjóri, lögregluembætti, fjármála- og efnahagsráðuneyti.
<b>Kostnaður:</b>	Miðað er við að kostnaður rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma..
<b>Verkefni næstu þriggja ára (2015-2017):</b>	<ol style="list-style-type: none"><li>1. Að skilgreina öryggisstig á landinu.</li><li>2. Að skilgreina þjónustu lögreglu með ítarlegri úttekt á öllum gildandi lögum og reglugerðum. Kostnaðarmat lagt á þátt lögreglu við framkvæmd starfa sem henni eru falin í lögum og reglugerðum.</li><li>3. Að skilgreina til langs tíma mannaflapörf lögreglu, þjálfun og búnað m.t.t. daglegar löggæslu og sértækra verkefna.</li><li>4. Að skilgreina þörf lögreglunnar fyrir fjármagn.</li><li>5. Gerð löggæsluáætlunar til fjögurra og 12 ára.</li><li>6. Undirbúa tillögur að umbótastarfi í rannsóknum lögreglu með það að leiðarljósi að tryggja réttláta málsmeðferð.</li></ol>
<b>Staða aðgerðar 30. sept. 2016</b>	Vinna við löggæsluáætlun stendur yfir og stefnt er að því að henni ljúki sem fyrst. Fyrstu tveggja verkefna er lokið og vinnsla annarra á lokastigi.

### Aðgerð 31. Aðgerðir gegn skipulagðri glæpastarfsemi

<b>Markmið:</b>	Að vinna heildstæð aðgerðaáætlun stjórnvalda um að sporna gegn skipulagðri glæpastarfsemi.
<b>Ábyrgð:</b>	Innanríkisráðuneytið.
<b>Verkefnastjórn:</b>	Innanríkisráðuneytið.
<b>Lykilaðilar:</b>	Ríkislögreglustjórinn, lögregluembættið, tollyfirvöld, Landhelgisgæsla Íslands. Velferðarráðuneytið, fjármála- og efnahagsráðuneytið, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, utanríkisráðuneytið, mennta- og menningarmálaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga.
<b>Kostnaður:</b>	Miðað er við að kostnaður rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma..
<b>Verkefni næstu þriggja ára (2015-2017):</b>	<ol style="list-style-type: none"><li>1. Gerð heildstæðrar aðgerðaáætlunar stjórnvalda gegn skipulagðri glæpastarfsemi með sérstaka áherslu á aðgerðir gegn mansali og vændiskaupum.</li><li>2. Gera áætlun um aukna samvinnu í rannsóknum allra lögregluliða á skipulagðri glæpastarfsemi og samþættingu upplýsingamiðlunar og samskipta milli lögreglu hérlendis og erlendis um rannsóknir á þessu sviði.</li></ol>

	3. Gera áætlun um bættu menntun og þjálfun starfsmanna lögreglu, tollgæslu og landhelgisgæslu í því skyni að þeir verði betur í stakk búnir að greina og bregðast við skipulagðri glæpastarfsemi.
<b>Staða aðgerðar</b> <b>30. sept. 2016</b>	Verkefni er í vinnslu.

### **Aðgerð 32. Viðbrögð vegna stórfelldra ofbeldisglæpa og skemmdarverka**

<b>Markmið:</b>	Að vinna áætlun um viðbrögð við stórfelldum ofbeldisglæpum og skemmdarverkum, þar á meðal hryðjuverkum, sem taka bæði til lögregluaðgerða og almannavarnaviðbragða.  Að til sé samhæft viðbragðskerfi vegna slíkra atburða.
<b>Ábyrgð:</b>	Ríkislögreglustjórinn..
<b>Verkefnastjórn:</b>	Ríkislögreglustjórinn.
<b>Lykilaðilar:</b>	Innanríkisráðuneytið, Ríkislögreglustjórinn (almannavarnadeild, alþjóðadeild, greiningardeild, sérsveit, fjarskiptamiðstöð), lögreglustjórar, Landhelgisgæsla Íslands, Tollstjóri, heilbrigðisyfirvöld.
<b>Kostnaður:</b>	Miðað er við að kostnaður rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma.
<b>Verkefni næstu þriggja ára (2015-2017):</b>	1. Gera áætlun um að efla viðbúnaðargetu lögreglu til að bregðast við hryðjuverkum og öðrum sambærilegum atburðum. 2. Að gera viðbragðsáætlun vegna hryðjuverka, skemmdarverka og stórfelldra ofbeldisglæpa sem taka bæði til lögregluaðgerða og almannavarnaviðbragða. 3. Gera áhættumat á þeim glæpum sem áætlunin tekur til. 4. Treysta starf Tollstjóra við eftirlit með innflutningi á vopnum og sprengiefnum.
<b>Staða aðgerðar</b> <b>30. sept. 2016</b>	Lokið

### **Aðgerð 33. Peningaþvætti**

<b>Markmið:</b>	Að koma í veg fyrir peningaþvætti og fjármögnun glæpastarfsemi með traustu regluverki, skilvirku fyrirkomulagi og virkri þátttöku í alþjóðlegu samstarfi.
<b>Ábyrgð:</b>	Innanríkisráðuneytið.
<b>Verkefnastjórn:</b>	Ríkislögreglustjórinn.
<b>Lykilaðilar:</b>	Peningaþvættisskrifstofa ríkislögreglustjóra, Fjármálaeftirlitið, Neytendastofa, embætti sérstaks saksóknara, embætti ríkissaksóknara og tilkynningarskyldir aðilar skv. lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 64/2006.
<b>Kostnaður:</b>	Miðað er við að kostnaður rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma.



<b>Verkefni næstu þriggja ára (2015-2017):</b>	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Efla umgjörð peningaþvættisskrifstofu, m.a getu til greininga og styrkja sjálfstæði hennar.</li> <li>2. Efla fræðslu um peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka meðal tilkynningaskyldra aðila og almennings.</li> <li>3. Leggja grunn að og virkja öflugan samráðsvettvang innlendra aðila sem vinna gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.</li> </ol>
<b>Staða aðgerðar 30. sept. 2016</b>	Eftirfylgni þriðju úttektar lokið eftir tíu ára ferli. Umfang samstarfs aukist mikið. Mikill þungi á aðgerðir til að sporna gegn misnotkun fjármálakerfis vegna fjármögnunar hryðjuverka. Næst á dagskrá er gerð áhættumats og fjórða úttekt FATF sem mun standa yfir í eitt og hálf t.ár.

### Aðgerð 34. Aðgerðir gegn mansali

<b>Markmið:</b>	Að fyrir hendi sé skilvirkt samstarfskerfi stjórnvalda, auka þekkingu og getu stjórnvalda í þeim tilgangi að koma í veg fyrir og uppræta mansal og tryggja fórnarlömbum nauðsynlegan stuðning..
<b>Ábyrgð:</b>	Innanríkisráðuneytið.
<b>Verkefnastjórn:</b>	Innanríkisráðuneytið.
<b>Lykilaðilar:</b>	Innanríkisráðuneytið, Ríkislögreglustjóri, lögreglustjórar, Útlendingastofnun, velferðarráðuneyti, utanríkisráðuneyti, Barnaverndarstofa, barnaverndarnefndir um allt land, heilbrigðisyfirvöld, Vinnueftirlitið, félagsþjónusta sveitarfélaganna, Kvennaathvarfið, Stígamót. Mannréttindaskrifstofa Íslands og Rauði krossinn.
<b>Kostnaður:</b>	Áætlaður kostnaður vegna aðgerðaáætlunar gegn mansali, kr. 8.300.000 (skv. aðgerðaáætlun).
<b>Verkefni næstu þriggja ára (2015-2017):</b>	Áframhaldandi fræðslu- og vitundarvakning fyrir fagaðila. Framlagning nýrrar aðgerðaráætlunar sem verður meira verkefnaþíuð. Gengið úr skugga um að fjármagn fylgi verkefnum að öðrum kosti sett í bið. Alþjóðlegt samstarf vegna aðgerða gegn mansali er nauðsynlegt þar sem skipulögð brotastarfsemi virðir ekki landamæri og samstarf því liður í aðgerðum gegn mansali.
<b>Staða aðgerðar 30. sept. 2016</b>	Umfangsmikil fræðslu- og vitundarvakning fagaðila síðan í maí 2014. Samstarf lykilaðila í eftirliti aukið til muna. Viðbragðsteymi til staðar.

### Aðgerð 35. Landhelgisgæsla

<b>Markmið:</b>	Að efla landhelgis- og öryggisgæslu, þá sérstaklega fiskveiðieftirlit og skipaumferð, sem og möguleika til leitar og björgunar á hafinu við Ísland.
<b>Ábyrgð:</b>	Innanríkisráðuneytið.
<b>Verkefnastjórn:</b>	Landhelgisgæsla Íslands.
<b>Lykilaðilar:</b>	Innanríkisráðuneytið, Landhelgisgæsla Íslands, Ísavía, Samgöngustofa og Ríkislögreglustjóri.

<b>Kostnaður:</b>	Miðað er við að kostnaður rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma.
<b>Verkefni næstu þriggja ára (2015-2017):</b>	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Að skilgreina öryggisstig innan lögsögu Íslands.</li> <li>2. Að skilgreina lágmarks þjónustu Landhelgisgæslunnar með ítarlegri úttekt á öllum gildandi lögum, reglugerðum, alþjóðlegum skuldbindingum og samningum sem Ísland á aðild að. Þá verði kostnaðarmat lagt á þátt Landhelgisgæslunnar við þau verkefni sem henni eru falin.</li> <li>3. Að skilgreina til langs tíma viðbragðsgetu Landhelgisgæslunnar, þ.m.t. mannafla- og tækjaparfar.</li> <li>4. Gerð landhelgisgæsluáætlunar til fjögurra og 12 ára.</li> </ol>
<b>Staða aðgerðar 30. sept. 2016</b>	Landhelgisgæsluáætlun til næstu fimm ára er á lokastigi þar sem skilgreint er öryggis- og þjónustustig innan lögsögu Íslands og lagt mat á kostnað við að halda uppi fullnægjandi löggæslu og eftirliti ásamt leit og björgun á hafinu við Ísland. Þessi vinna snýst m.a. um að skilgreina bæði mannafla- og tækjapörf Landhelgisgæslunnar. Þá er einnig unnið að Landhelgisgæsluáætlun til 20 ára.

### Aðgerð 36. Öryggi í fangelsum

<b>Markmið:</b>	Að vinna öryggisstefnu fangelsa sem tekur til innra og ytra öryggis .
<b>Ábyrgð:</b>	Innanríkisráðuneytið.
<b>Verkefnastjórn:</b>	Fangelsismálastofnun.
<b>Lykilaðilar:</b>	Innanríkisráðuneytið, Fangelsismálastofnun, Ríkislögreglustjórnin, Embætti landlæknis, lögreglustjórar á því svæði sem fangelsin eru.
<b>Kostnaður:</b>	Miðað er við að kostnaður rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma.
<b>Verkefni næstu þriggja ára (2015-2017):</b>	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Undirbúa framkvæmd nauðsynlegra aðgerða til þess að tryggja öryggi starfsfólks og fanga á grundvelli skilgreindra öryggisstaðla.</li> <li>2. Undirbúa setningu reglna um samskipti fanga innbyrðis og út í samfélagið með áherslu á tengsl þeirra við skipulagða brotahópa.</li> <li>3. Greina áfallaþol fangelsa og nauðsynlegar mótvægisáðgerðir til að tryggja samfellda starfsemi fangelsa þrátt fyrir hættuástand, t.d. vegna náttúruhamfara og farsóttu.</li> <li>4. Skilgreina nauðsynlegar mótvægisáðgerðir til þess að lágmarka líkur á að fangar strjúki.</li> <li>5. Gera áhættugreiningu. Þörf er á sértækum vistunarúrræðum.</li> </ol>
<b>Staða aðgerðar 30. sept. 2016</b>	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Tilkoma Hólmsheiðarfangelsis er brýnasta aðgerðin til að tryggja öryggi starfsfólks. Opnun þess gerir okkur kleift að skilgreina betur mismunandi verkefni fangelsa. Jafnframt er núna skilgreint í lögum að til séu opin og lokuð fangelsi með mismunandi öryggisstigi. Næstu skref eru að skilgreina nánar hlutverk hvers fangelsis og með hvaða hætti verkaskiptingu á milli þeirra er háttáð.</li> <li>2. 3. tölul. 42. gr. laga um fullnustu refsinga: „Föngum í lokuðum fangelsum er óheimilt að fara inn í fangaklefa annarra fanga.“ Er ætlað að auðvelda starfsfólki að tryggja betur öryggi fanga gagnvart hver öðrum. Þá er aukinn aðskilnaður á milli deilda í nýju fangelsi. Jafnframt eru nú til verklagsreglur til viðmiðunar um skipulagða brotastarfsemi.</li> <li>3. Viðbragðsáætlun vegna mögulegs heimsfaraldurs inflúensu hefur verið endurskoðuð. Þar er fjallað um áfallaþol fangelsa. Næstu skref er að vinna</li> </ol>

	<p>sambærilega áætlun vegna náttúruhamfara, sem er hluti að heilstæðri viðbragðsáætlun fangelsanna.</p> <p>4. Þriggja ára átaksverkefni í öryggismálum á Litla-Hrauni 2013-2015 fól í sér bættar strokvarnir, bættu aðgangsstýringu og aukið eftirlit með ytri umgjörð. Nýtt fangelsi á Hólmsheiði býr yfir öflugum strokvörnum sem ekki voru til staðar í eldri fangelsum.</p> <p>5. Enginn markviss vinna unnin í þessu verkefni önnur en hugmyndavinna.</p>
--	--

### Aðgerð 37. Landamæravarsla

<b>Markmið:</b>	Að tryggja öryggi landamæra..
<b>Ábyrgð:</b>	Innanríkisráðuneytið.
<b>Verkefnastjórn:</b>	Lögreglustjórnin á Suðurnesjum.
<b>Lykilaðilar:</b>	Innanríkisráðuneytið, Ríkislögreglustjórnin, lögreglustjórnin á Suðurnesjum, aðrir lögreglustjórar, Landhelgisgæsla Íslands, Útlendingastofnun, Tollstjóraembættið.
<b>Kostnaður:</b>	Miðað er við að kostnaður rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma.
<b>Verkefni næstu þriggja ára (2015-2017):</b>	<ol style="list-style-type: none"> <li>Gerð áætlunar um málefni landamæra með hliðsjón af áhættugreiningu á styrkleikum og veikleikum vegna umferðar um landamæri m.t.t. erlends samstarfs vegna flugverndar, ólöglegra fólksflutninga, skipulagðrar glæpastarfsemi, mansals, ólöglegs inn- og útflutnings og skilvirkrar umferðar ferðamanna um landamærastöðvar.</li> <li>Endurskoðun á skipulagi landamæravörslu.</li> <li>Undirbúa tillögur um eflingu samstarfs við útlend landamæravörslu, þ. á m. við Landamærastofnun Evrópu (Frontex), Europol og Eurojust.</li> <li>Endurmat á löggjöf um landamæravörslu og gerð tillagna að úrbótum sem miði að því að veita eftirlits- og gæsluáðilum skýrar heimildir við framkvæmd landamæravörslu.</li> </ol>
<b>Staða aðgerðar 30. sept. 2016</b>	<p>Greiningardeild RLS hefur lokið skýrslu um ógnir og áskoranir, en þar er um sívinnsluverkefni að ræða</p> <p>Verkefni framundan:</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>Endurskoða og greina mannaflapörf við landamærageislu</li> <li>Ljúka uppsetningu ABC landamærahlíða, sjálfvirk hlið</li> <li>Greina þörf fyrir menntun og viðbótarmönnun í Greiningardeild Flugstöðvardeildar</li> <li>Efla fræðslu og námskeið til lögreglu og landamæravarða vegna skilríkjaskoðunar</li> </ol>

### Aðgerð 38. Vöktun, viðbrögð, leit og björgun

<b>Markmið:</b>	Að tryggja skilvirk viðbrögð vegna leitar og björgunar .
<b>Ábyrgð:</b>	Innanríkisráðuneytið.
<b>Verkefnastjórn:</b>	Innanríkisráðuneytið.

<b>Lykilaðilar:</b>	Innanríkisráðuneytið, Ríkislögreglustjóri, lögreglustjórar, Landhelgisgæsla Íslands, Slysavarnafélagið Landsbjörg, Neyðarlínan, Samgöngustofa, Vaktstöð siglinga.
<b>Kostnaður</b>	Miðað er við að kostnaður rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma.
<b>Verkefni næstu þriggja ára (2015-2017):</b>	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Gera áhættuskoðun m.t.t. öryggis og hagkvæmni; hvort samþætta (sameina) skuli símsvörun, vöktun, boðun/viðbragð á landi og sjó.</li> <li>2. Gera tillögu um aukna samvinnu aðila um vöktun og viðbragð vegna leitar og björgunar sem tryggja bættan árangur og aukna hagkvæmni. Þá fjalli tillagan um nauðsynlegar úrbætur á tækjabúnaði vegna vöktunar.</li> <li>3. Gera tillögu um stofnun alþjóðlegrar björgunarmiðstöðvar.</li> </ol>
<b>Staða aðgerðar 30. sept. 2016</b>	<p>Verkefni 1: Skýrsla gerð.</p> <p>Verkefni 2: Í vinnslu. Stýrihópur innanríkisráðherra um eflingu björgunar- og viðbragðsþjónustu á Íslandi (um alþjóðlega björgunar- og viðbragðsmiðstöð) hefur lagt til að settur verði á stofn íslenskur björgunar- og viðbragðsklasi. Skýrsla hópsins hefur verið kynnt í ríkisstjórn og er til skoðunar hjá stjórnvöldum.</p> <p>Verkefni 3: Lokið</p>

### Aðgerð 39. Geislavöktun og skimun

<b>Markmið:</b>	Að vinna áætlun um geislavöktun og skimun.
<b>Ábyrgð:</b>	Velferðarráðuneytið
<b>Verkefnastjórn:</b>	Geislavarnir ríkisins.
<b>Lykilaðilar:</b>	Velferðarráðuneytið, Geislavarnir ríkisins, Ríkislögreglustjórinn, Samgöngustofa, Landhelgisgæsla Íslands, Umhverfisstofnun, Tollstjóri, Veðurstofa, Hafrannsóknastofnun.
<b>Kostnaður:</b>	Miðað er við að kostnaður rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma.
<b>Verkefni næstu þriggja ára (2015-2017):</b>	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Gerð verði áætlun um hvernig standa beri að geislavöktun og alþjóðlegu samstarfi, þannig að unnt sé að greina sem fyrst óeðlilega aukningu jónandi geislunar í íslenskri lögsögu.</li> <li>2. Gerð verði áætlun um hvernig standa beri að leit að geislavirkum efnum í íslenskri lögsögu (á láði sem legi), hvernig ástandsmati verði háttáð og til hvaða viðbragða sé viðeigandi að grípa. Áætlunin taki einnig til tilvika þegar sýna þarf fram á að EKKI sé um hættu að ræða, t.d. að fiskimið séu ekki menguð geislavirkum efnum.</li> </ol>
<b>Staða aðgerðar 30. sept. 2016</b>	<p>Sífelluverkefni.</p> <p>Geislavarnir ríkisins eru með lögbundið verkefni að vakta vegna geislavirkra efna í umhverfi og matvæli í samræmi við lög nr 44/2002 um geislavarnir.</p>

### Aðgerð 40. Aðgerðir vegna sýkla-, eiturefna- og geislavár

<b>Markmið:</b>	Að vinna áreiðanlegt viðbragðskerfi vegna sýkla-, eiturefna- og geislavár.
-----------------	--

<b>Ábyrgð:</b>	Ríkislögreglustjórinn, sóttvarnalæknir.
<b>Verkefnastjórn:</b>	Ríkislögreglustjórinn
<b>Lykilaðilar:</b>	Ríkislögreglustjórinn, Geislavarnir ríkisins, lögreglustjórar, Umhverfisstofnun, Mannvirkjastofnun, Matvælastofnun, slökkvilið, Landhelgisgæsla Íslands, Tollstjóri.
<b>Kostnaður:</b>	Miðað er við að kostnaður rúmist innan fyrirliggjandi fjárhagsramma.
<b>Verkefni næstu þriggja ára (2015-2017):</b>	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Gera heildstæða viðbragðsáætlun vegna sýkla-, eiturefna- og geislavár.</li> <li>2. Gera þarfagreiningu með tilliti til kerfisbundinnar greiningar og alþjóðlegs samstarfs.</li> </ol>
<b>Staða aðgerðar 30. sept. 2016</b>	ferli. Gert er ráð fyrir að verkefnum 1 og 2 ljúki árið 2017.

## EFTIRFYLGNI OG ENDURMAT

### Aðgerð 41. Eftirfylgni og endurmat

<b>Markmið:</b>	Að fylgja eftir að verkefni komist til framkvæmda og að reynsla af framkvæmd stefnunnar nýtist við endurskoðun hennar.
<b>Ábyrgð:</b>	Innanríkisráðuneytið
<b>Verkefnastjórn:</b>	Innanríkisráðuneytið
<b>Lykilaðilar:</b>	Ríkislögreglustjóri, almannavarna- og öryggismálaráð, innanríkisráðuneytið, aðrir ábyrgðaraðilar og þátttakendur í aðgerðaáætlunum.
<b>Kostnaður:</b>	Miðað er við að kostnaður rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma.
<b>Verkefni næstu þriggja ára (2015-2017):</b>	<ol style="list-style-type: none"><li>Við lok hvers árs verði gert mat á stöðu aðgerða og skýrsla tekin saman. Skýrslan verði kynnt almannavarna- og öryggismálaráði og síðan birt öllum helstu samstarfsaðilum.</li><li>Við lok gildistíma stefnunnar verði árangur metinn af óháðum aðila og byggt á því mati við endurskoðun stefnunnar.</li></ol>
<b>Staða aðgerðar 30. sept. 2016</b>	Eftirfylgni með aðgerðum stefnunnar er í gangi, þessi skýrsla er hluti þeirrar vinnu.

### Aðgerð 42. Endurskoðun laga um almannavarnir

<b>Markmið:</b>	Að lög um almannavarnir leggi grunn að undirbúningi, skipulagningu og framkvæmd ráðstafana sem nauðsynlegar eru til þess að koma í veg fyrir og takmarka, eftir því sem unnt er, að almenningur verði fyrir líkams- eða eignatjóni þegar neyðarástand er líklegt, er yfirvofandi eða ríkir eða sambærilegar aðstæður eru fyrir hendi.
<b>Ábyrgð:</b>	Innanríkisráðuneytið
<b>Verkefnastjórn</b>	Innanríkisráðuneytið
<b>Lykilaðilar:</b>	Innanríkisráðuneytið, forsætisráðuneytið, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, fjármála- og efnahagsráðuneytið, velferðaráðuneytið/heilbrigðisráðuneytið, umhverfisráðuneytið, utanríkisráðuneytið, Ríkislögreglustjórinn, Landhelgisgæsla Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, Slysavarnafélagið Landsbjörg, Rauði krossinn.
<b>Kostnaður:</b>	Miðað er við að kostnaður rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma.
<b>Verkefni næstu þriggja ára (2015-2017):</b>	<ol style="list-style-type: none"><li>Áréttu skyldur lykilaðila til að vinna ítarlegar og samhæfðar viðbragðsáætlanir gegn náttúruhamförum, til að draga megi úr áhrifum og eyðileggingu vegna meiri háttar náttúruhamfara</li><li>Skilgreina valdheimildir stjórnvalda á neyðarstundu svo markmið almannavarna náist.</li><li>Niðurstöður endurskoðunar á lögum um almannavarnir liggi fyrir innan þriggja ára.</li></ol>

**Staða aðgerðar**  
**30. sept. 2016**

Frumvarp var unnið og lagt fram á Alþingi  
Áhersla hefur verið á gerð viðbragðsáætlana gegn náttúruhamförum. Liðir 2 og 3  
eru í vinnslu.